

Bankaleynd : lagaumhverfi og framkvæmd á Íslandi og í öðrum Evrópuríkjum

Skýrsla unnin fyrir viðskiptaráðuneytið í mars 2009.
Dóra Guðmundsdóttir, Cand. Jur., LL.M.

06.04.2009

Bankaleynd: lagaumhverfi og framkvæmd á Íslandi og í öðrum Evrópuríkjum

Skýrsla unnin fyrir viðskiptaráðuneytið í mars 2009. Dóra Guðmundsdóttir, Cand. Jur., LL.M.

Yfirlit

Bankaleynd: lagaumhverfi og framkvæmd á Íslandi og í öðrum Evrópuríkjum	2
1 INNGANGUR : Skilgreiningar. Markmið verkefnisins og umfang.....	7
1.1 Skilgreiningar	7
1.1.1 Lögfræðileg afmörkun	7
1.1.2 Reglur á öðrum sviðum réttarins.....	9
1.1.3 Reglur þjóðréttarsamninga og alþjóðleg samvinna.....	10
1.2 Afmörkun	10
2 Íslenskur réttur	11
2.1 Almenn	11
2.2 Þagnarskylda	12
2.2.1 Lög um fjármálafyrirtæki.....	12
2.3 Undantekningar frá þagnarskyldu	14
2.3.1 Einkaréttarlegar undantekningar.....	14
2.3.2 Fjármálaeftirlit	15
2.3.3 Skatteftirlit	19
2.3.4 Réttarvarsla	21
2.3.5 Annað.....	23
2.4 Samantekt.....	23
3 Danskur réttur	24
3.1 Almenn.....	24
3.2 Þagnarskylda	25
3.2.1 Lög um fjármálafyrirtæki.....	25

3.3	Undantekningar frá trúnaðar- og þagnarskyldu	27
3.3.1	Einkaréttarlegar undantekningar	27
3.3.2	Fjármálaeftirlit	27
3.3.3	Skatteftirlit	28
3.3.4	Réttarvarsla	28
3.4	Samantekt og samanburður	29
4	Noregur	30
4.1	Almennt	30
4.2	Þagnarskylda	31
4.2.1	Lög um fjármálafyrirtæki	31
4.3	Undantekningar frá þagnarskyldu	31
4.3.1	Einkaréttarlegar undantekningar	31
4.3.2	Fjármálaeftirlit	32
4.3.3	Skatteftirlit	33
4.3.4	Réttarvarsla	33
4.3.5	Annað	34
4.4	Samantekt og samanburður	34
5	Þýskaland	35
5.1	Almennt	35
5.2	Þagnarskylda	36
5.3	Undantekningar frá trúnaðar- og þagnarskyldu	37
5.3.1	Einkaréttarlegar undantekningar	37
5.3.2	Fjármálaeftirlit	37
5.3.3	Skatteftirlit	38
5.3.4	Réttarvarsla	38
5.3.5	Annað	39
5.4	Samantekt og samanburður	39
6	Bretland	40
6.1	Almennt	40

6.2	Þagnarskylda	41
6.3	Undantekningar frá trúnaðar- og þagnarskyldu	41
6.3.1	Einkaréttarlegar undantekningar	41
6.3.2	Lögbundnar undantekningar	41
6.3.3	Skattrannsóknir	42
6.3.4	Fjármálaeftirlit	42
6.3.5	Annað	43
6.4	Samantekt og samanburður	43
7	Samanburður við Lúxemborg, Sviss og Liechtenstein	45
7.1	Lúxemborg	45
7.2	Sviss	45
7.3	Liechtenstein	46
8	Evrópusambandið og EES	47
8.1	Samræming löggjafar – innri markaðurinn, fjármálastarfsemi og eftirlit	47
8.2	Reglur um peningaþvætti og innherjaviðskipti	50
8.3	Reglur um skatta og skatteftirlit	51
9	Þjóðréttarreglur og lagaskilareglur	52
10	Niðurstöður	53
10.1	Niðurstöður almennt	53
10.2	Ákvæði laga nr. 161/2002 um þagnarskyldu	55
	Viðauki	58
	Danmörk	58
	Lov om finansiel virksomhed	58
	117	58
	373	60
	347	61
	354	61
	Skattkontrolloven	64
	Noregur	67

Lov om finansieringsvirksomhet og finansinstitusjoner (finansieringsvirksomhetsloven) 10 juni Nr. 40 1988.	67
§ 1-2. Finansieringsvirksomhet.....	67
§ 3-14. Taushetsplikt.....	67
§ 5-1. <i>Straff</i>	68
Lov om sparebanker.....	68
Lov om forretningsbanker.....	68
Kredittilsynsloven.....	69
1.....	69
§ 4.....	71
§ 7.....	72
Ligningsloven	72
§ 6-4. Om fordringer og gjeld m.v.....	72
§ 6-5. Om finansielle instrumenter m.v.	73
Pýskaland	75
<i>Strafprozeßordnung</i>	75
Section 53. [Right to Refuse Testimony on Professional Grounds].....	75
Section 53a. [Right of Professional Assistants to Refuse Testimony].....	76
Section 54. [Authorization for Judges and Officials to Testify].....	76
Section 55. [Refusal of Information]	76
Section 161a. [Witnesses and Experts before the Public Prosecution Office]	76
Kreditwesengesetz (KWG).....	77
13. Large exposures of non-trading book institutions	77
13a. Large exposures of trading book institutions.....	78
13b. Large exposures of groups of institutions and of financial holding groups.....	80
9 Secrecy.....	81
44. Information from and audits of institutions, ancillary banking services enterprises, financial holding companies and enterprises included in supervision on a consolidated basis	82
Bretland.....	84

Financial Services and Markets Act	84
165 Authority's power to require information.....	84
175 Information and documents: supplemental provisions	85
348 Restrictions on disclosure of confidential information by Authority etc.....	85

1 INNGANGUR : Skilgreiningar. Markmið verkefnisins og umfang.

Reglur um bankaleynd eru hluti gildandi réttar í öllum ríkjum Evrópu og víðar en inntak þeirra og útfærsla eru með mismunandi hætti. Í sumum ríkjum er þagnarskylda starfsmanna fjármálafyrirtækja um upplýsingar um viðskiptavinum lögbundin og varðar brot gegn ákvæðum um þagnarskyldu refsingu. Er þagnarskylda lögbundin hér á landi, sem og í Noregi og Danmörku. Það sama á við í Austurríki, Grikklandi, Svíþjóð, Finnlandi og Portúgal. Í öðrum ríkjum byggist þagnarskyldan á samningi aðila og varðar brot á þagnarskyldu einkaréttarlegum viðurlögum fremur en refsiviðurlögum. eru Þýskaland, Bretland, Írland, Belgía og Spánn dæmi um Evrópuríki þar sem þagnarskylda byggist á meginreglum samningaréttar.

Markmið skýrslunnar er að bera saman lagaumhverfi og framkvæmd varðandi bankaleynd á Íslandi annars vegar og í nokkrum ríkjum Evrópu hins vegar. Samanburðurinn nær til Danmerkur, Noregs, Bretlands og Þýskalands og almennur samanburður til Sviss, Lúxemborgar og Liechtenstein. Með samanburðinum er leitað svara við eftirfarandi spurningum:

- eru reglur um bankaleynd hér á landi frábrugðnar reglum valinna nágrannaríkja?
- Veita íslenskar reglur um bankaleynd einstaklingum og fjármálafyrirtækjum ríkari vernd gegn því að upplýsingar um viðskipta- og einkamálefni séu látnar af hendi en reglur í samanburðarlöndunum?
- eru undantekningar frá bankaleynd þrengri eða rýmri héraðs en í samanburðarríkjunum, þegar litið er til löggjafar og framkvæmdar?

1.1 Skilgreiningar

Bankaleynd er ekki skilgreint hugtak. Í almennri umræðu er hugtakið rýmra en lagaleg afmörkun þess bendir til, þar sem hugtakið vísar til reglna á öðrum sviðum réttarins (s.s. þagnarskyldu opinberra starfsmanna sem fara með eftirlit með fjármálafyrirtækjum (1.1.2)) og til atriða sem varða þjóðréttarreglur og samvinnu milli ríkja í skattamálum (1.1.3).

1.1.1 Lögfræðileg afmörkun

Lögfræðilega vísar hugtakið *bankaleynd* fyrst og fremst til samningsbundinna reglna og lagareglna sem banna stjórnendum og starfsmönnum banka og fjármálafyrirtækja að veita

upplýsingar um málefni viðskiptavina sinna sem leynt eiga að fara (trúnaðarskylda). Reglur um bankaleynd eru einkaréttarlegar reglur sem eiga uppruna sinn í reglum um gerð samninga, en einnig eru viðurkenndir samfélagshagsmunir sem liggja að baki því að viðskiptasamband banka og viðskiptavina sé verndað með lagaákvæðum um þagnarskyldu.

Rök að baki reglum um bankaleynd eru margvísleg og hafa mismikið vægi. Helstu rök eru:

- Vernd samningssambands aðila og samningsfrelsis
- Vernd viðskiptahagsmuna (banka og fjármálastofnana)
- Vernd trúnaðarsambands milli starfsstétta (sérfræðinga) og viðskiptavina þeirra, sambærilegt og það sem á við um trúnað milli lögmanna og skjólstæðinga þeirra; lækna og sjúklinga
- Vernd grundvallarréttinda (þagnarvernd einkalífs – rétturinn til friðhelgi einkalífs)

Regur um bankaleynd sæta margvíslegum undantekningum. Skýrast þær undantekningar af tvennu.

Í fyrsta lagi hefur banka- og fjármálastarfsemi orðið sífellt flóknari og hefur það leitt til þess að einkaréttarlegar undantekningar frá bankaleynd hafa verið viðurkenndar, en með einkaréttarlegum undantekningum er átt við það að bankar veiti einstaklingum eða fyrirtækjum upplýsingar um málefni viðskiptavina sinna þannig að lögmætt sé. Heimild til að veita öðrum upplýsingar er þá talin undirskilin í samningi aðila eða venjubundin. Eins er viðurkennt að viðskiptavinir geta gefið samþykki sitt til þess að upplýsingum um þá sé miðlað til annarra. Þessar einkaréttarlegu heimildir hafa þrengst á síðari árum vegna aukins eftirlits með fjármálafyrirtækjum og vegna reglna um persónuvernd sem banna eða setja skilyrði fyrir kerfisbundinni öflun og miðlun upplýsinga um persónuleg málefni.

Í öðru lagi leiðir aukið eftirlit til undantekinga frá bankaleynd sem byggjast á almannahagsmunum, s.s. skatteftirliti, fjármálaeftirliti, samkeppniseftirliti, eftirliti með og baráttu gegn refsiverðum brotum (s.s. peningabætti) o.s.frv. Víkur bankaleynd almennt fyrir heimildum yfirvalda til að afla upplýsinga en framkvæmd er mismunandi eftir ríkjum.

Almennt er talið að bankaleynd verði best lýst með vísan til þeirra reglna sem eiga við um trúnaðar- og þagnarskyldu fjármálafyrirtækja gagnvart viðskiptavinum sínum annars vegar og með vísan til þeirra undantekinga sem viðurkenndar eru frá trúnaðar- og þagnarskyldu hins vegar. Verður miðað við þetta við athugun á bankaleynd hér á landi og í samanburðarríkjunum. Í skýrslunni verður yfirleitt talað um trúnaðar- og þagnarskyldu og undantekningar frá trúnaðar- og þagnarskyldu fremur en bankaleynd og undantekningar frá bankaleynd. Þegar talað er um bankaleynd er hugtakið notað í sömu merkingu og trúnaðar- og þagnarskylda.

1.1.2 Reglur á öðrum sviðum réttarins

Reglur á öðrum sviðum réttarins hafa áhrif á trúnaðar- og þagnarskyldu og framkvæmd reglna um þagnarskyldu, þó að þær teljist ekki strangt til tekið til reglna um bankaleynd. Eftirfarandi reglur koma helst til álitu:

- Reglur um persónuvernd koma til fyllingar reglum um bankaleynd. Reglur um persónuvernd koma í veg fyrir að persónulegum upplýsingum sé kerfisbundið safnað saman. Þessar reglur geta því komið til álitu samhliða reglum um trúnaðar- og þagnarskyldu, einkum þannig að þær þrengja heimildir fjármálafyrirtækja til að safna og miðla upplýsingum, s.s. upplýsingum um greiðslustöðu viðskiptavina, til annarra einkaaðila. Þessar reglur skarast þó ekki við reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu nema að því leyti sem varðar *kerfisbundna* upplýsingaöflun banka- og fjármálafyrirtækja. Í þeim ríkjum sem samanburðurinn nær til eru reglur um persónuvernd samræmdar með reglum Evrópursambandsins (ESB), í tilskipun 95/46/EB sem tekur hafa verið upp í EES-samninginn og innleiddar hér á landi með lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ekki verður fjallað sérstaklega um þessar reglur í skýrslunni.
- Reglur um þagnarskyldu opinberra starfsmanna og tiltekinna starfsstétta sem vegna starfa sinna komast að upplýsingum um einstaklinga sem leynt eiga að fara eru skyldar reglum um trúnaðar- og þagnarskyldu.¹ Reglur um þagnarskyldu taka til opinberra eftirlitsaðila sem fá upplýsingar vegna undantekninga frá trúnaðar- og þagnarskyldu. Fjallað verður um þessar reglur í skýrslunni vegna þess hversu náíð að þær tengjast framkvæmd trúnaðar- og þagnarskyldu.
- Upplýsingalög gilda í flestum ríkjum Evrópu og mæla fyrir um skyldu stjórnvalda til að veita einstaklingum sem þess krefjast upplýsingar og gögn í tengslum við stjórnslu ríkis og sveitarfélaga. Gildandi íslensk lög eru lög nr. 50/1996. Réttur til upplýsinga viku þó fyrir einkahagsmunum sem sanngjarnt er og eðlilegt er að leynt fari. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 50/1996 taka slíkir einkahagsmunir til einka- og fjárhagsmálefna einstaklinga og myndu upplýsingar sem trúnaðar- og þagnarskylda fjármálafyrirtækja tekur til því oft falla undir undantekningarákvæði upplýsingalaga. Ekki verður fjallað sérstaklega um upplýsingalög í skýrslunni.

¹ Um nógildandi íslenskt ákvæði laga um þagnarskyldu starfsmanna ríkisins, sjá 2.1.

1.1.3 Reglur þjóðréttarsamninga og alþjóðleg samvinna

Oft er talað um bankaleynd með vísan til vísvitandi undanskots fjármuna frá skattlagningu og í sambandi við refsiverða starfsemi, innherjaviðskipti og peningabætti. Aðeins verður að litlu leyti fjallað um þessar reglur hér og þá einkum reglur sem settar hafa verið innan ESB (sjá [kafla 8.2](#)). Meginmarkmið skýrslunnar er að bera saman reglur tiltekinna ríkja um bankaleynd, en aðgangur að upplýsingum um bankareikninga og fjárhagslega starfsemi í öðrum ríkjum fer eftir reglum tvíhliða eða marghliða þjóðréttarsamninga (einkum á sviði skattaréttar) eða reglum og framkvæmd sem falla undir alþjóðlega samvinnu. Sjá frekar [kafla 9](#).

1.2 Afmörkun

Skýrslan fjallar um reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu fjármálafyrirtækja og eftirlitsaðila í íslenskum, dönskum, norskum, þýskum og breskum rétti. Megináherslan er lögð á að fjalla um þær undantekningar sem koma fram í lögum og takmarka trúnaðar- og þagnarskyldu fjármálafyrirtækja en ekki verður fjallað eins ítarlega um einkaréttarlegar undantekningar. Skýrslan byggist á tiltækum heimildum úr rétti viðkomandi ríkja auk fræðiskrifa og opinberra upplýsinga eftirlitsstofnana.

Til hægðarauka eru ákvæði úr erlendri löggjöf sem vísað er í tekin upp í Viðauka.

2 Íslenskur réttur

2.1 Almennt

Reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu stjórnenda og starfsmanna fjármálafyrirtækja eru lögbundnar í íslenskum rétti og hafa verið það frá því að lög voru fyrst sett um einstaka viðskiptabanka. Á þeim tíma er fyrstu lögini voru sett voru bankar ríkisreknir og svipar ákvæðum um þagnarskyldu starfsmanna þeirra til þágildandi reglna um þagnarskyldu opinberra starfsmanna.²

Með lögum um viðskiptabanka, nr. 86/1985 var ákvæði um þagnarskyldu tekið upp í 25. gr. þeirra laga, og sambærilegt ákvæði í 29. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði. Voru þessi ákvæði síðan tekin nær óbreytt upp í 43. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996. Var þar mælt fyrir um þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna og um önnur atriði sem leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, sbr. nánar 2.2.1.1.

Það ræðst af túlkun á ákvæðum laganna hvað felst í trúnaðar- og þagnarskyldu starfsmanna fjármálafyrirtækja. Ekki er mikilli dómaframkvæmd fyrir að fara hér á landi um inntak þagnarskyldunnar og er það í samræmi við framkvæmd í Danmörku og Noregi. Í Danmörku hefur það verið talið sýna að sátt hafi verið um skilning á ákvæðunum. Hér á landi hefur fremur reynt á lögbundnar takmarkanir á trúnaðar- og þagnarskyldunni fyrir dómstólum, einkum að því er varðar heimildir skattýfirvalda til að fá upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum og verður fjallað um það í 2.3.3.

Það leiðir af orðalagi ákvæða um þagnarskyldu að þau víkja fyrir ákvæðum laga sem mæla fyrir um skyldu til að veita upplýsingar eins og fjallað verður um í 2.3.

² Núgildandi ákvæði 18. gr. laga nr. 70/1996, um starfsmenn ríkisins er svohljóðandi: „Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.“ Ákvæði í sérlögum mæla einnig fyrir um þagnarskyldu tiltekinna starfsstétta.

2.2 Þagnarskylda

2.2.1 Lög um fjármálafyrirtæki

2.2.1.1 Þagnarskylda

Í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, var svohljóðandi ákvæði um þagnarskyldu í 43. gr.:

43. gr. Bankaráðsmenn, stjórnarmenn sparisjóðs, bankastjórar og sparisjóðsstjórar, endurskoðendur og aðrir starfsmenn viðskiptabanka eða sparisjóðs eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna hlutaðeigandi stofnunar og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sameinuðu ákvæði eldri laga um banka og aðrar fjármálastofnanir og taka lögin til innlendra fjármálafyrirtækja og erlendra fjármálafyrirtækja hér á landi samkvæmt nánari skilgreiningu laganna.³ Ákvæði um þagnarskyldu fjármálafyrirtækja eru í 58. – 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Í 58. gr. segir:

58. gr. Þagnarskylda.

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Sá sem veitir viðtöku upplýsingum af því tagi sem um getur í 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greinir. Sá aðili sem veitir upplýsingar skal áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

³ Lögin taka til viðskiptabanka, sparisjóða, lánaþyrirtækja sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögnum, rafeyrisfyrirtækja, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamíðlunar og rekstrarfélaga verðbréfasjóða sbr. frekar 4. gr., sbr. 6. gr., laganna. Lög um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003 vísa til ákvæða laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki varðandi þagnarskyldu (63. gr.) og 68. og 70. gr. leggja sambærileg viðurlög við brotum á þagnarskyldu og framangreind ákvæði laga um fjármálafyrirtæki.

Með 110. gr. laganna er Fjármálaeftirlitinu veitt heimild til að leggja á sektir vegna brota á 58. gr. og samkvæmt 112. gr. b varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum 58. gr.

Eins og samanburður á orðalagi framangreindra ákvæða ber með sér er núgildandi 58. gr. laga nr. 161/2002 þrengri en fyrri ákvæði um þagnarskyldu. Með öðrum orðum virðist ákvæðið veita ríkari vernd en ákvæði eldri laga. Má sérstaklega benda á eftirfarandi atriði:

- Þagnarskylda um *allt það sem varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptavina* kemur í stað þagnarskyldu um *allt þar sem varðar hagi viðskiptamanna og um önnur atriði sem leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.*
- Þagnarskylda er lögð á fleiri aðila en áður var, sbr. orðalagið „hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins.“
- Ný málsgrein leggur sömu þagnarskyldu á *hvern þann sem tekur við upplýsingum.* Ákvæðið á sér samsvörun í dönskum lögum. Í greinargerð er tekið fram að þeir sem ákvæðið tekur til myndu í mörgum tilvikum vera bundnir þagnarskyldu en að það þurfi ekki að vera. Ekki eru frekari skýringar á ákvæðinu í greinargerð með frumvarpi til laganna.
- Tilvísun til þess að dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita er felld niður og vísað til þess að lög mæli fyrir um að upplýsingar skuli veittar. Í greinargerðinni er því lýst að þessi skilyrði séu sama efnis.
- Þá er tekið fram í greinargerð að „þótt beiting ákvæðisins hljóti ávallt að vera háð mati líkt og núgildandi ákvæði yrði í vafatilvikum að telja að upplýsingar sem fjármálafyrirtæki byggja yfir um viðskiptamann sinn félli undir þagnarskyldu, nema atvik bentu til annars.“
- Breyting á orðalagi varðandi skyldu til að veita upplýsingar „samkvæmt lögum“ í stað þess að áður var vísað til að upplýsingar skyldu veittar „lögum samkvæmt“. Þótt um blæbrigðamun geti verið að ræða bendir orðalagið „samkvæmt lögum“ til sterkari skírskotunar í skráð lög.

Til samanburðar má benda á að ákvæði um þagnarskyldu í lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, svipar meira til eldri ákvæða, auk þess sem það verndar einnig málefni bankans sjálfs. Í greininni segir:

35. gr. Bankaráðsmenn, bankastjórar og aðrir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans og málefni bankans sjálfs,

svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

□Bankaráðsmönnum, bankastjórum og öðrum starfsmönnum Seðlabankans er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar, sem þeir komast yfir vegna starfs síns í bankanum, í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón í viðskiptum....

Með orðalagstúlkun á ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002 virðist samkvæmt framangreindu vera um ríkari þagnarskyldu að ræða í íslenskum rétti en áður var. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 161/2002 kemur þó fram að ákvæðið samsvari efnislega ákvæðum eldri laga, þrátt fyrir orðalagsbreytingar. Greinargerðir með lagafrumvörpum eru meðal helstu lögskýringargagna í íslenskum rétti. Samkvæmt því yrði því að miða við það við túlkun ákvæðisins að ekki hafi verið um efnisbreytingar á ákvæðinu að ræða, þrátt fyrir breytt orðalag.

2.3 Undantekningar frá þagnarskyldu

Eins og fram er komið má skipta undantekningum eða takmörkunum á trúnaðar- og þagnarskyldu í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða einkaréttarlegar undantekningar, sem heimila að upplýsingar séu veittar öðrum einkaaðilum eða fjármálafyrirtækjum og hins vegar undantekningar frá trúnaðar- og þagnarskyldu sem byggjast á almannahagsmunum. Eru slíkar takmarkanir yfirleitt lögbundnar eða leiða má þær af lögbundnu hlutverki yfirvalda.

2.3.1 Einkaréttarlegar undantekningar

Ekki er mikið um aðgengilegar heimildir um túlkun ákvæða um trúnaðar- og þagnarskyldu hér á landi.⁴ Gera má ráð fyrir að samningsskilmálar banka þar sem samþykki viðskiptavina er fengið til að nota eða miðla upplýsingum standist ákvæði laganna, að því marki sem samþykki er ótvírætt og að teknu tilliti til laga um persónuvernd. Ekki virðist hafa reynt á þetta álitafni fyrir dómstólum⁵ eða Fjármálaeftirlitinu (FME).

⁴ Páll Sigurðsson, prófessor við Háskóla Íslands (samtal). Þakkir til Daða Ólafs Elíassonar, laganema við HÍ, fyrir upplýsingar um eldri íslenska dómafrankvæmd.

⁵ Í eldri dómum Hæstaréttar má sjá dæmi um ólögmetta upplýsingagjöf. Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1949 (Hrd. 1949,427) reynir óbeint á reglur um þagnarskyldu, en þar var einstaklingur ákærður fyrir að hafa rofið þagnarskyldu með því að gefa hagsmunaaðila upplýsingar um samning um endurtryggingar, sem líkur voru á að hann hefði komist að í starfi sínu sem símritari. Í málinu reyndi fyrst og fremst á reglur um þagnarskyldu opinberra starfsmanna, en viðkomandi starfsmaður starfaði einnig hjá váttryggingafélagi. Af forsendum dómsins er ljóst að ákvæði um

Í lögum nr. 161/2002 er nú einnig vísað til samþykkis viðskiptavina í 60. gr. laganna, þar sem sú regla er lögfest að viðskiptavinir geti samþykkt að bankaleynd sé aflétt. Sá skilningur er yfirleitt hluti reglna um bankaleynd, enda byggjast þær á því sjónarmiði að vernda hagsmuni þess einstaklings sem upplýsingar varða, sem sá hinn sami getur afsalað sér með samþykki sínu. Í 60. gr. eru gerðar kröfur um skriflegt samþykki og að í samþykkinu komi fram til hvaða upplýsinga samþykkið tekur, til hverra má miðla upplýsingum og í hvaða tilgangi.

Í 59. gr. er fjármálafyrirtækjum heimilað að miðla upplýsingum milli fyrirtækja í samstæðu og er þar fyrst og fremst miðað við nauðsyn vegna áhættustýringar innan samsteypunnar. Er bakgrunnur ákvæðisins sá að reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu ná almennt einnig til aðgreindra fyrirtækja, þrátt fyrir stjórnunar- og eignatengsl. Undantekningunni eru markaðar þröngar skorður. Í greininni segir:

- Þrátt fyrir ákvæði 58. gr. er heimilt að miðla upplýsingum til móðurfélags fjármálafyrirtækis ef móðurfélagið er einnig fjármálafyrirtæki í skilningi laga þessara eða eignarhaldsfélag á fjármálasviði, sbr. 4. mgr. 97. gr. Slík upplýsingamiðlun má þó aðeins eiga sér stað að því marki sem nauðsynlegt er vegna áhættustýringar og má ekki ná til einkamálefna einstakra viðskiptamanna. Sama gildir um miðlun upplýsinga vegna eftirlits á samstæðugrunni.
- Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um heimila upplýsingamiðlun skv. 1. mgr.

2.3.2 Fjármálaeftirlit

Fjármálaeftirlit á sér jafnlanga sögu og fjármála- og bankastarfsemi og hefur aukist með auknum umsvifum í fjármálastarfsemi.⁶ Fjallað verður um reglur ESB og EES um eftirlit með fjármálastarfsemi í [kafla 8](#) til fyllingar því sem er skoðað í þessum hluta, en hafa verður í huga að reglur ESB og EES samræma ekki reglur um fjármálaeftirlit, stofnanir eða starfsheimildir þeirra nema að litlu leyti og miðast einkum við það að eftirlitsstofnanir innan ESB og EES geti haft eftirlit með skilyrðum fyrir stofnsetningu og starfrækslu fyrirtækja á innri markaðnum og skiptst á upplýsingum sem fengnar eru innan hvers ríkis í þeim tilgangi.

þagnarskyldu vernda viðskiptahagsmuni aðila, og að tekið yrði mið af þeim tilgangi ákvæðanna við skýringu þeirra. Sama má segja um nýlegan dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í sakamáli [nr. 1776/2008](#): Ákærvaldið gegn Jafet Ólafssyni. Þar var ákærði dæmdur til greiðslu sektar vegna brota á 58. gr. laga nr. 161/2002. Ákærði var stjórnarformaður og starfsmaður fjárfestingabanka sem veitti viðskiptavini sínum, sem leitaði eftir kaupum á hlutabréfum, upplýsingar um sölu hlutabréfanna til annarra aðila, og byggðust þær upplýsingar á samtali hans við seljanda. Var þetta talið varða við ákvæði 58. gr. laganna.

⁶ Sjá skýrslu um sögu fjármálaeftirlits í Viðauka I með greinargerð að frumvarpi sem varð að lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (sjá [hér](#)).

Hér verður fjallað um heimildir eftirlitsstofnana til að krefjast upplýsinga, en í þeim heimildum felst takmörkun á trúnaðar- og þagnarskyldu fjármálafyrirtækja. Þá verður fjallað um þagnarskyldu starfsmanna eftirlitsaðila og mörk hennar.

2.3.2.1 Heimildir fjármálaeftirlits

Í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, er fjallað um eftirlitsheimildir FME. Í 9. gr. 3. mgr. laganna segir:

Í tengslum við eftirlit og athuganir mála samkvæmt ákvæðum sérlaga er einstaklingum og lögaðilum skylt að láta Fjármálaeftirlitinu í té allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum. Þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða komast hjá máli, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið.

Ljóst er að víðtækar heimildir til að krefjast upplýsinga og gagna felast í ákvæðinu og er tekið fram berum orðum að þagnarskylda takmarki ekki aðgang að upplýsingum. Þagnarskylda víkur því fyrir upplýsingaskyldu. Skilyrði eru að upplýsingarnar varði athuganir og eftirlit Fjármálaeftirlitsins og fer það frekar eftir mati FME á nauðsyn upplýsinganna hvort réttmætt er að láta þær í té.⁷ Miðast aðgangur FME að upplýsingum og gögnum við eftirlitshlutverk þess, en í 8. gr. kemur fram að FME skuli fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Þó svo að eftirlit FME beinist fremur að stofnunum sjálfum og starfsemi þeirra, en ekki í sama mæli að atriðum sem varða beint viðskiptahagsmuni einstaklinga, er ljóst að lögbundin upplýsingaskylda getur leitt til þess að upplýsingar um viðskiptahagsmuni einstaklinga verði látin FME í té.

Samkvæmt sérreglum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, hefur fjármálaeftirlitið (FME) eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja sem falla undir ákvæði laganna, og getur eftirlitið einnig tekið til starfsemi innlendra fjármálafyrirtækja erlendis, nema annað leiði af alþjóðasamningum.⁸

⁷ Frekari kröfur eru gerðar samhliða heimildum til að leggja hald á gögn; fer haldlagning eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála og er áskilið að ríkar ástæður sé til að ætla að eftirlitsskyldur aðili, einstaklingar og lögaðilar hafi brotið gegn lögum eða reglum.

⁸ Reglur um mörk eftirlits heimaríkis og gistiríkis samkvæmt reglum ESB og EES eru um margt ófullkomnar. Í meginatriðum er gert ráð fyrir eftirliti heimaríkis, en á því eru undantekningar. Ekki er fjallað frekar um þetta hér.

Við eftirlitið hefur FME heimildir til að afla upplýsinga og gagna skv. 2. – 7. gr. 107 gr., sem einkum miða að eftirfarandi eftirliti

- Eftirlit með þeim sem eiga eða hyggjast eiga eignarhlut í fjármálafyrirtækjum til að taka afstöðu til þess hvort tilkynningaskylda samkvæmt ákvæðum um eignasamsetningu fyrirtækja eiga við
- Eftirlit með dóttur-eða hlutdeildarfyrirtækjum, eignarhaldsfélögum, blönduðum eignarhaldsfélögum o.s.frv.
- Eftirlit með viðskiptum fjármálafyrirtækis við dóttur- og hlutdeildarfélag (og við dóttur- og hlutdeildarfélag þeirra) auk eftirlits með viðskiptum fjármálafyrirtækis við einstaklinga sem eiga 20% hlut eða stærri í framangreindum félögum

Sérreglur um eftirlit með samstæðum eru í 109. gr. laganna og varðar ákvæðið fyrst og fremst heimildir FME til að hafa eftirlit með því að fjármálasamsteypur fari eftir ákvæðum laganna (en fjármálasamsteypa er samstæða félaga, eða félög sem hafa með sér nánin tengsl skv. frekari skilgreiningu í 18. gr. laganna).

Eftirlit með samstæðum, sem og almennt eftirlit með fjármálafyrirtækjum, felur m.a. í sér eftirlit með veðsetningu eigin hlutabréfa skv. 29. gr. laganna og hámarksáhættu vegna eins eða fleiri innbyrðis tengdra viðskiptamanna skv. 30. gr. svo að dæmi séu nefnd. Þessar reglur hafa verið í lögum um fjármálafyrirtæki frá því áður en núgildandi lög voru sett, og hafa síðar verið aðlagðar kröfum í tilskipunum ESB sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn, sbr. nánar í [kafla 8.1](#). Þá eru ákvæði í lögum nr. 161/2002, (82. gr. og 92. gr.) sem leggja skyldu eigendur og stjórnendur fyrirtækja að tilkynna til FME ef áhyggjur vakna um eiginfjárgrunn fyrirtækisins og sambærileg skylda hvílir á endurskoðendum. Eru þessar reglur settar í samræmi við reglur EES-samningsins.

Samkvæmt þessu er ljóst að heimildir FME til að fá upplýsingar til að sinna eftirlitshlutverki sínu geta stangast á við þagnarskyldu fjármálafyrirtækja og hagsmuni einstakra viðskiptavina.⁹ Er þó ljóst samkvæmt lögnum að þagnarskylda víkur fyrir upplýsingaskyldu.

Dómstólar eiga úrskurðarvald um ágreining um það hvort upplýsingar skuli veittar samkvæmt ákvörðun FME, sbr. 18. gr. laga nr. 87/1998.¹⁰ Ef tekið er mið af niðurstöðum dómstóla um heimildir skattfyrivalda (sjá 2.3.3) verður að telja að dómstólar færu varlega í að hnekkja mati stofnunarinnar á því hvort nauðsyn sé á því að afla upplýsinga, svo framarlega sem um málefnalega ákvörðun er að ræða sem miðast við heimildir stofnunarinnar.

⁹ Í skýrslu Kaarlo Jännäri um reglur og eftirlit með bankastarfsemi á undanförunum árum (sjá [hér](#)) kemur fram að FME hafi hafið eftirlit með þessum atriðum fyrir nokkru og óskað eftir eða sótt upplýsingar til fjármálafyrirtækja. Einnig kemur fram að deilur hafi verið um heimildir FME til aðgerða.

¹⁰ Vafi virðist vera um það hvort málskotsréttur á ákvörðunum FME leiðir til þess að málum um ákvarðanir stofnunarinnar verði ekki komið fyrir Umboðsmann Alþingis og virðist þetta vera óútkljáð.

2.3.2.2 Þagnarskylda fjármálaeftirlits

Í 13. gr. laga nr. 87/1998 er ákvæði um þagnarskyldu FME og tekur sú þagnarskylda til stjórnar, forstjóra og starfsmanna FME og einnig til lögmanna, endurskoðenda, tryggingastærðfræðinga og sérfræðinga sem starfa fyrir eða á vegum FME, sbr. einnig um sérfræðinga 2. mgr. 9. gr. Þessi ákvæði eru einnig í samræmi við reglur tilskipana ESB, sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn. Inntak þagnarskyldunnar kemur fram í 1. mgr. 13. gr:

[...]Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um starfsemi Fjármálaeftirlitsins, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sama gildir um lögmenn, endurskoðendur, tryggingastærðfræðinga og sérfræðinga sem starfa fyrir eða á vegum Fjármálaeftirlitsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi og er óheimilt að nýta í atvinnuskyni upplýsingar sem bundnar eru þagnarskyldu.

Þagnarskyldan gildir einnig um upplýsingar sem FME fær frá eftirlitsaðilum í öðrum ríkjum, sbr. 14. gr. laganna, sem hefur að geyma ákvæði um samvinnu við önnur aðildarríki EES-samningsins. Þær reglur sem koma fram hér eru í meginatriðum í samræmi við reglur EES. Fyrir skiptum á upplýsingum eru sett þrjú skilyrði: 1) að skipti á upplýsingum sé liður í samstarfi ríkjanna; 2) að upplýsingagjöf sé gagnleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti og 3) að þagnarskylda gildi um upplýsingarnar í viðtökuríki¹¹

Þagnarskyldan takmarkast einnig af upplýsingaskyldu þeirri sem mælt er fyrir um í 12. gr. laganna, þar sem FME er gert að vísa til lögreglu málum þar sem FME telur einstaklinga eða lögaðila hafa með refsiverðum hætti brotið gegn lögum eða reglum sem því er ætlað að framfylgja. Undantekningar frá þagnarskyldu FME er einnig að finna í 112. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, en þar er FME gert skylt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem aflað hefur verið og tengjast brotum sem varða bæði stjórnvaldssektum og refsingu (og sem kært er til lögreglu). Þá er FME skylt að veita Seðlabanka Íslands upplýsingar skv. 15. gr. laga nr. 161/2002. Í ákvæðum sérlaga er einnig að finna heimildir eftirlitsstofnana á ýmsum sviðum (s.s. samkeppnisfirvöld, skattfirvöld o.s.frv.) til að skiptast á upplýsingum og fer um slíka upplýsingagjöf eftir sérreglum. Reglur EES-samningsins gera ráð

¹¹ Svipuð skilyrði gilda um afhendingu upplýsinga og gagna vegna framkvæmdar laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Er gert ráð fyrir því að upplýsingar verði aðeins veittar að þau verði notuð í þeim tilgangi sem leiðir af samstarfinu og að gögn verði ekki afhent áfram nema með samþykki FME og í þeim tilgangi sem samþykkið kveður á um.

fyrir slíkum reglum, sem ganga framur þagnarskyldu, enda hvílir sambærileg þagnarskylda á stjórnvöldum eftir almennum reglum.

2.3.3 Skatteftirlit

Í 2. og 3. mgr. 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru eftirfarandi ákvæði um skyldu banka og fjármálastofnana til að afhenda skattstjóra upplýsingar að eigin frumkvæði :

Allir aðilar, þar með taldir bankar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, verðbréfamarkaðir og aðrir sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um slík viðskipti og aðila að þeim, ókeypiss og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

[Bankar, sparisjóðir, önnur fjármálafyrirtæki og aðrir þeir aðilar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, sem taka við fjármunum til ávöxtunar, skulu ótilkvaddir veita skattyfirvöldum ókeypiss og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður upplýsingar um greidda eða greiðslukræfa vexti á árinu skv. 8. gr. laga þessara og afdregna staðgreiðslu og innstæður eða inneignir á bankareikningum í árslok.]¹⁾

Þá segir í 94. gr. laganna

94. gr. Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypiss og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit með eða rannsókn á henni. Með skattyfirvöldum í þessari grein er átt við skattstjóra, skatransóknarstjóra ríkisins og ríkisskattstjóra.

Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela skatteftirlitsstörf, krafist þess að framtalsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skatransóknarstjóri ríkisins vegna rannsókna skv. 103. gr.

Skattyfirvöld hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 2. mgr. þessarar greinar gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir.

□Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins þá leitað um hann úrskurðar héraðsdóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til [rannsóknar lögreglu].¹⁾

Með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinerra gjalda, sem liggur fyrir Alþingi (sjá [hér](#)) er lagt til að breytingar verði gerðar á fyrrgreindum ákvæðum til að rýmka upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja þannig að upplýsingar um greidda og greiðslukræfa vexti, afdregna staðgreiðslu og innistæður á bankareikningum og hvers konar verðbréfa og fjárfestingarsjóðum verði gefnar ótilkvatt, samkvæmt 92. gr. Þá er lagt til að fjármálstofnunum verði gert skylt að veita upplýsingar um viðskipti sem íslenskir skattaðilar hafa við útibú þeirra erlendis eða dótturfélög þar. Er þar lagt til að reglur verði teknar upp um það að móðurfélag verði ábyrgt fyrir að veita upplýsingar um dótturfélög og útibú. Í frumvarpinu er einnig lagt til að tekin verði af öll tvímæli um það að ákvæði í lögum um þagnar- eða trúnaðarskyldu víki fyrir ákvæðum skattalaga.

Af athugasemdum með frumvarpinu má ráða að óvissa hafi verið um mörk þagnarskyldu og upplýsingaskyldu varðandi skatteftirlit. Það er þó ljóst af dómaframkvæmd að þagnarskylda samkvæmt ákvæðum um fjármálafyrirtæki víkur fyrir upplýsingaskyldu samkvæmt skattalögum.

- Í Hrd. 1965, 930 (Landsbanki Íslands gegn Ríkisskattstjóra) hafði Landsbanki neitað að svara upplýsingum ríkisskattstjóra um reikninga tiltekinna aðila, innistæður, skuldir og önnur viðskipti á þeim grundvelli að það væri óheimilt vegna ákvæða 1. mgr. 17. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands.¹² Hæstiréttur staðfesti úrskurð sakadóms þess efnis að samkvæmt ákvæðum skattalaga (þáverandi 36. gr. laga nr. 90/1965) væri viðkomandi „skýlaust gert að skyldu að láta í té slíkar upplýsingar til tilekins aðilja“. Ákvæði skattalaga væru sérákvæði, sem auk þess væru yngri, og gengju frammar almennu ákvæði laga um Landsbanka Íslands. Jafnframt var tekið fram í úrskurði sakadóms að það væri komið undir mati skattyfirvalda hvort þörf væri á upplýsingum og að ekki væri þörf dómsúrskurðar í hverju tilviki.

Þessi niðurstaða hefur verið staðfest í nýrri dómum.

- Í hæstaréttarmálum nr. 333/2006 (Glitnir banki hf. gegn ríkisskattstjóra) og nr. 345/2006 (Kaupþing banki hf. gegn ríkisskattstjóra) var deilt um heimildir ríkisskattstjóra til að krefjast upplýsinga samkvæmt 2. mgr. 92. gr. laga nr. 75/1981 um viðskipti með hlutabréf, en um var að ræða kröfu um sundurliðaðar upplýsingar á formi frá ríkisskattstjóra. Taldi héraðsdómur að miðað við hlutverk skattyfirvalda væri tilgangur lagaheimildarinnar málefnalegur og beiting skattyfirvalda innan meðalhöfsreglu. Þá var

¹² Í greininni kom fram að bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans séu bundnir þagnarskyldu um allt það, er snerti hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

tekið fram að þagnarskylda samkvæmt 58. gr. laga nr. 161/2002 viki fyrir heimildum skattalaga. Niðurstaðan var staðfest í Hæstarétti í báðum málum, sem voru sambærileg.

- Í Hæstaréttarmáli nr. 156/1999 (Landsbanki Íslands hf. gegn ríkisskattstjóra) var einnig staðfest að þagnarskylda viki fyrir heimildum skattyfirvalda samkvæmt 15. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, sem er sambærileg við 94. gr. þágildandi laga nr. 75/1981, og mælir fyrir um skyldu allra, bæði framtalsskyldra aðila og annarra til að láta skattyfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau biðja um. Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði að játa bæri skattyfirvöldum rúmar heimildir til mats um það hvenær slíkra upplýsinga sé þörf, með þeim takmörkunum að slíkt mat yrði að vera málefnalegt. Var könnun skattyfirvalda á framkvæmd laga nr. 94/1996, með samanburði á framtöldum fjármagnstekjum rúmlega 1300 skattgreiðenda og fjárhæð sem bankar og sparisjóðir höfðu reiknað saman, innan þeirra marka. Hæstiréttur staðfesti að 71. gr. stjórnarskrárinnar kæmi ekki í veg fyrir að umbeðnar upplýsingar yrðu veittar.
- Loks var staðfest í hæstaréttarmáli nr. 514/2008 (Ríkisskattstjóri gegn Valitor hf.) að þagnarskylda viki fyrir upplýsingaskyldu samkvæmt 94. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Var fjármálafyrirtæki skylt að veita ríkisskattstjóra yfirlit yfir hreyfingar á greiðslukortum, þótt ekki væri óskað upplýsinga um tilgreinda aðila. Ákvæði 94. gr. laga nr. 90/2004 voru talin fela í sér sérákvæði og voru talin fela í sér skýra skyldu til að veita upplýsingar, sem ákvæði um þagnarskyldu viku fyrir. Þó tók Hæstiréttur fram að vegna lögmætisreglu íslensks réttar um að íþyngjandi ákvarðanir stjórnvalda verði að byggjast á skýrri lagaheimild hefðu ákvæði reglugerðar 373/2001 ekki þýðingu við skýringu á heimildum ríkisskattstjóra til að krefjast aðgangs að gögnum (en einnig var tekið fram að ekki væri mælt fyrir um upplýsingaskyldu í lagaheimild reglugerðarinnar). Tilvísun í lögmætisreglu íslensks réttar verður að lesa í þessu ljósi og verður ekki talin draga úr þeirri niðurstöðu að dómstólar hafa viðurkennt ríkar heimildir skattyfirvalda til að krefjast gagna í samræmi við lagaheimildir um það efni.

2.3.4 Réttarvarsla

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 gilda um rannsókn og ákæru vegna ætlaðra refsiverðra brota. Í 2. þætti, VII kafla eru ákvæði um rannsókn mála, þar sem m.a. kemur fram að fá má atbeina dómstóla ef vitni neitar að svara spurningum. Getur héraðsdómur úrskurðað um lögmæti aðgerða á rannsóknarstigi og á það við t.d. ef vitni neitar að gefa skýrslu, sem og um ágreining um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda, sbr. 102. gr., sbr. 59. gr. laganna. Það veltur því á úrskurði dómara hvort einstaklingi er skylt að bera vitni, sbr. nánar 119. gr. laganna.

...

Vitni er óheimilt án leyfis þess sem í hlut á að svara spurningum um:

...

b. einkahagi manns sem því hefur verið trúað fyrir í starfi sem endurskoðandi, félagsráðgjafi, lögmaður, læknir, prestur, forstöðumaður trúfélags eða sálfræðingur ellegar í öðru starfi sem viðlíka trúnaðarskylda fylgir,

c. atriði sem það hefur komist að í opinberu starfi og á að fara leynt,

d. leyndarmál um viðskipti, uppgötvanir eða önnur slík verk sem það hefur komist að í starfi.

Nú telur dómari að vitnisburður geti ráðið úrslitum um niðurstöðu máls og getur hann þá þrátt fyrir fyrir mæli 1. og 2. mgr. ákveðið að vitni skuli svara spurningum um tiltekin atriði, enda séu ríkari hagsmunir af því að spurningunum verði svarað en trúnaði haldið. Þetta á þó ekki við um það sem ákærði hefur trúað verjanda sínum, presti eða forstöðumanni trúfélags fyrir um málsatvik.

Ef dómari telur óvíst hvort skilyrðum 3. mgr. sé fullnægt getur hann lagt fyrir vitni að tjá sér fyrst í trúnaði hvers efnis svar þess yrði.

Tekið er fram í greinargerð með lögnum að þau séu samin með hliðsjón af dönskum og norskum lögum á þessu sviði. Lögin eru sérlög gagnvart ákvæðum laga um fjármálastarfsemi og færi ágreiningur um skyldu stjórnenda og starfsmanna fjármálafyrirtækja, sem og opinberra starfsmanna, um að bera vitni um atriði sem þagnarskylda getur náð til eftir skýringu á ákvæðum þessarar laga.

Ekki kemur fram í greinargerð að ákvæðum laganna um vernd trúnaðar tiltekinna starfsstétta sé ætlað að taka til starfsmanna fjármálafyrirtækja og verður að telja ólíklegt að svo sé ef ákvæðið er borið saman við sambærilegt ákvæði danskra og norskra laga. Hvað sem öðru líður er ljóst af 3. og 4. mgr. að það veltur á úrskurði dómara hvort hagsmunir af því að gefa upplýsingar teljast ríkari en hagsmunir þeir sem trúnaðarskylda ver.

Þó að ekki sé komin reynsla á framkvæmd laganna má gera ráð fyrir því að almennar reglur um vitnaskyldu gildi um starfsmenn fjármálafyrirtækja, þannig að þeim sé skylt að gefa nauðsynlegar upplýsingar, eftir nánari ákvörðun dómara, að teknu tilliti til ákvæða laga um rétt til að fella ekki sök á sjálfan sig og nána ættingja, sbr. 118. gr. laganna. Í greinargerðinni kemur jafnframt fram að undantekningar frá vitnaskyldu yrði að túlka þrengra í sakamálum en í einkamálum og er þar gengið út frá meginreglu réttarins um að tilgangur sakamála sé að leiða hið sanna í ljós.

Sambærileg ákvæði við ofangreind ákvæði 119. gr. eru í 53. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Þá eru ákvæði í 52. gr. um undanþágu frá vitnaskyldu vegna skyldleika, vegna réttarins til að fella ekki sök á sjálfan sig eða nána ættingja og vegna atriða sem geta valdið siðferðilegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni. Líkur eru á að þessi ákvæði, sem velta á mati dómara, yrðu skýrð rýmra þegar um einkamál er að ræða en þegar um sakamál er að ræða.

2.3.5 Annað

Með lögum nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara og lögum nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, hafa verið lögfestar sérstakar heimildir til að rannsaka atriði sem tengjast starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja á liðnum árum. Um sérstök úrræði er að ræða, sem ætlað er að gilda í ákveðinn tíma. Þeir sem fara með rannsóknina fá með lögnum víðtækar heimildir sem ganga framur þagnarskyldu fjármálastofnana, þar sem þær eiga við. Ekki er ástæða til þess að fjalla um þessi ákvæði í skýrslunni.

2.4 Samantekt

- Reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu fjármálafyrirtækja eru lögbundnar í íslenskum rétti og koma upphaflega fyrir í lögum um einstaka banka og síðan í lögum um viðskiptabanka frá 1985. Þagnarskylda er nú lögð á stjórnarmenn, starfsmenn og aðra þá sem vinna fyrir fjármálafyrirtæki, sem og þriðju aðila sem fá upplýsingar sem eru háðar þagnarskyldu. Tekur þagnarskyldan til viðskipta- og einkamálefna viðskiptavina. Takmarkast þagnarskyldan eftir orðum ákvæðisins aðeins af því að skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Brot gegn ákvæðinum varða sektum eða fangelsi. Orðalag ákvæðisins er þrengra en ákvæði eldri laga en samkvæmt skýringum í greinargerð er ekki um efnisbreytingu að ræða.
- Einkaréttarlegar undantekningar eru viðurkenndar. Slíkar einkaréttarlegar undantekningar felast í samningum banka við viðskiptavini og samþykki viðskiptavina.
- Þagnarskylda viku fyrir lagaákvæðum sem mæla fyrir um upplýsingaskyldu. Þar er einkum um að ræða
 - Heimildir fjármálaeftirlits. Víðtækum heimildum eftirlitsstofnana til að krefjast upplýsinga fylgir rík upplýsingaskylda einstaklinga og stofnana og eru heimildir fjármálaeftirlits miðaðar við tilgang eftirlitsins. Beiting þeirra heimilda ræðst af mati fjármálaeftirlitsins.
 - Heimildir skattyfirvalda. Þagnarskylda viku fyrir heimildum skattyfirvalda til að fá allar nauðsynlegar upplýsingar og hefur Hæstiréttur talið ótvírætt að þagnarskylda víki fyrir upplýsingaskyldu og að skattyfirvöld hafi rúmar heimildir til mats. Heimildir skattyfirvalda eru þó túlkaðar í samræmi við lögætisreglu íslensks réttar þannig að ákvæði stjórnvaldsyfirmaela verða að hafa skýra heimild í lögum.

- Þagnarskylda vÍkur fyrir heimildum lögreglu og þeirra sem fara með rannsóknar- og ákærvald í opinberum málum. Þagnarskylda vÍkur einnig fyrir ákvæðum laga um vitnaskyldu við meðferð einkamála og opinberra mála eftir nánari ákvörðun dómara.
- Heimildir sérstaks saksóknara til rannsóknar mála og aðgangs að upplýsingum í lögum nr. 135/2008 og lögum sem breyta þeim lögum, fela í sér lögbundna skyldu til að veita upplýsingar og vÍkur þagnarskylda fyrir þeim heimildum.
- Engar vÍsbendingar eru um að þagnarskylda sé talin njóta stjórnskipulegrar verndar 71. gr. stjórnskrárinnar og hefur Hæstiréttur hafnað því að svo sé (Hrd. nr. 156/1999).
- Yfirvöld sem fá upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu bera þagnarskyldu samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, auk sérlaga (þ.m.t. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi). Undantekningar frá þeirri þagnarskyldu eru þröngar og miðast við eftirlit og refsivörslu (að miðla upplýsingum áfram til lögreglu og / eða til annarra eftirlitsstofnana, þ.m.t. erlendra eftirlitsstofnana samkvæmt samningum við önnur ríki). Auk þess vÍkur þagnarskylda opinberra starfsmanna fyrir vitnaskyldu í einkamálum og opinberum málum eftir frekari ákvæðum laga og ákvörðun dómara.
- VÍðtækar heimildir eru í lögum nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og takmarka þær heimildir þagnarskyldu að því er varðar málefni sem rannsóknin tekur til. Þá er þagnarskylda nefndarmanna háð undantekningum sem miðast við mat á almannahagsmunum.

3 Danskur réttur

3.1 Almennt¹³

Í dönskum rétti er bankaleynd byggð á meginreglu samningaréttar og var ólögfest til ársins 1974, þegar ákvæði var tekið upp í bankalöggjöf. Í 54. gr. 2. mgr. laga um banka og sparisjóði (*Bank og sparekasseloven 1991*) var mælt fyrir um bankaleynd sem fólst í því að hver sá sem í starfi sínu fengi upplýsingar um viðskiptavini, sem leynt skyldu fara, skyldi ekki veita öðrum þær upplýsingar. Í greininni voru sérstaklega tilteknar persónulegar upplýsingar á borð við kynþátt, trúarbrögð o.s.frv., en að því er varðaði upplýsingar um fjárhag voru viðamiklar

¹³ Denis Campbell (ed). *International Bank Secrecy*, London, Sweet and Maxwell, 1992. Finn Martensen og Anders Tolborg, 157-167. Andreas Tamasuskas: *Om Pengeinstitutters Tavshedspligt*, U 2005 B 33.

undantekningar frá reglunni. Í núgildandi lögum um fjármálastarfsemi eru ítarlegar reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu og einkaréttarlegar undantekningar frá henni (3.3.1). Þá takmarkast trúnaðar- og þagnarskylda af almannahagsmunum, s.s. heimildum fjármálaeftirlits, skattyfirvalda og annarra til að fá upplýsingar. Er almennt talið í dönskum rétti að samfélagssjónarmið vegi þungt og að trúnaðar- og þagnarskylda víki fyrir almannahagsmunum í ríkum mæli.

3.2 Þagnarskylda

3.2.1 Lög um fjármálafyrirtæki

Í dönskum rétti gilda [Lov om finansiel virksomhed](#) (Lovbekendtgørelse 2008-09-04 nr. 897) um trúnaðar- og þagnarskyldu og eins og héraendis koma lög um persónuvernd þeim til fyllingar.

[117. gr.](#) laganna bannar stjórnarmönnum, starfsmönnum, endurskoðendum og öðrum þeim sem tileknir eru að *veita* eða *nýta* upplýsingar *sem leynt eiga að fara*, nema réttmætt sé að veita upplýsingarnar. Jafnframt leggur greinin þagnarskyldu á þá sem fá upplýsingar samkvæmt ákvæðinu, eins og sambærilegt ákvæði íslenskra laga.

Refsiákvæði í [373 gr.](#) tiltekur ákvæði um bankaleynd sem lögð er refsing við (sektir eða fangelsi allt að 4 mánuðum): 117, gr., 118;3, 119, 120; 1 2. liður og 2; og sektir er brotið er gegn 121:1, 122 og 123.

Ljóst er af orðalagi og uppbyggingu ákvæðisins að hér eru lögfestar meginreglur um trúnaðar- og þagnarskyldu og hafa þær tvíþættan tilgang. Annars vegar þjónar ákvæðið þeim tilgangi að vernda viðskiptahagsmunum fjármálafyrirtækja. Falla viðskiptaleyndarmál undir ákvæðið, eins og m.a. kemur fram í því að bannað er að veita og nýta upplýsingar sem starfsmenn fá vitneskju um í starfi sínu.¹⁴ Upplýsingar um málefni viðskiptavina, bæði fjárhagsleg og persónuleg, eru einnig háðar trúnaðar- og þagnarskyldu og tekur verndin samkvæmt áralangri framkvæmd Fjármálaeftirlitsins til allra þeirra upplýsinga um viðskiptavini sem fengnar eru í starfi, nema upplýsingarnar séu þegar aðgengilegar almenningi.¹⁵

¹⁴ Bent hefur verið á að ákvæðið hafi orðið fyrir áhrifum frá ákvæðum laga um hlutafélög og eru verndarhagsmunir því ekki eingöngu viðskiptasamband banka og einstaklinga og þagnarvernd einstaklinga, heldur einnig viðskiptastarfsemin sjálf.

¹⁵Andreas Tamasauskas, 36.

Ákvæðið tiltekur þá sem bundnir eru þagnarskyldu og tekur ákvæðið, auk stjórnenda og starfsmanna fjármálafyrirtækja, m.a. til endurskoðenda, matsmanna, forstjóra og annarra, auk þess sem þeir sem fara með stjórn váttryggingafélags eftir að yfirvöld hafa gripið inn í starfsemi þess (d. administratorer) falla undir ákvæðið. Af ákvæðinu er ljóst að það tekur til allra þeirra sem tengdir eru fjármálafyrirtækinu og starfsemi þess á einhvern hátt.

Í 2. mgr. 117. gr. er ákvæði sambærilegt við ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002, þar sem gert er ráð fyrir því að þagnarskylda fylgi upplýsingum sem eru láttnar af hendi. Í athugasemdum með því ákvæði kemur fram að það taki fyrst og fremst til þess er upplýsingar eru gefnar til stofnana eða fyrirtækja sem ekki eru þegar bundnar þagnarskyldu samkvæmt lögum. Þetta geta verið þjónustuaðilar, hvort sem er innlendir eða erlendir, m.a. í því tilviki að verktakasamningur sé gerður um meðferð eða vinnslu tiltekinna upplýsinga. Ljóst er að fyrst og fremst er miðað við að samningssamband sé milli þess sem gefur upplýsingar sem háðar eru trúnaðarskyldu og þess sem tekur við upplýsingunum, enda er sú skylda lögð á þann sem veitir upplýsingarnar að sjá til þess að sá sem tekur við upplýsingnum gæti þagnarskyldu.¹⁶ Undantekningar frá þessari þagnarskyldu leiðir hins vegar af eðli máls, s.s. þegar upplýsingar eru gefnar við málsmeðferð fyrir dómi, en þá er augljóslega ekki um það að ræða að sá sem þannig fær upplýsingar sé bundinn þagnarskyldu.¹⁷

Efnislega tekur ákvæðið til þeirra upplýsinga m.a. að einstaklingur sé í viðskiptasambandi við bankann, umfang viðskiptanna o.s.frv. Ræðst inntak verndarinnar frekar af orðalaginu „maa ikke uberettiget videregive ...fortrolige oplysninger“ og byggist ákvörðun á því á mati á því hvaða upplýsingar er réttmætt að gefa. Í framkvæmd er talið réttmætt að veita ýmsar upplýsingar til annarra einkaaðila, eins og nánar kemur fram í lögum og framkvæmd (3.3.1), auk annarra undantekninga. Af samanburði ákvæðisins við ákvæði íslenskra laga er ljóst að ákvæði dönsku laganna er matskenndara, þar sem það veltur á mati á því hvaða upplýsingar sé eðlilegt að fara leynt með, sem og því að undantekningar miðast við það sem telst réttmætt, fremur en að þess sé krafist að undantekningar frá trúnaðar- og þagnarskyldu séu „lögum samkvæmt“.

¹⁶ Ekki virðist oft hafa reynt á þessi ákvæði í dönskum rétti, en sem dæmi um tilvik sem getur fallið undir 2. mgr. 117. gr. laganna má nefna að réttmætt getur verið að upplýsingar um tjonþola og atvik máls fari milli váttryggingafélaga þegar krafa varðar bæði félögin. Í því tilviki er það váttryggingafélag sem fær upplýsingar frá öðru félagi bundið af þagnarskyldu með sama hætti og fyrra félagið (sjá sem dæmi úrlausn danska fjámálaeftirlitssins í máli frá 25. ágúst 2008 (www.ftnet.dk/sw37595.asp)).

¹⁷ Karnov 2006: 6027-8.

3.3 Undantekningar frá trúnaðar- og þagnarskyldu

3.3.1 Einkaréttarlegar undantekningar

Einkaréttarlegar undantekningar frá þagnarskyldu hafa verið viðurkenndar frá upphafi, þ.á.m. upplýsingar um greiðslustöðu viðskiptavina og er slíkt enn talið heimilt, að fullnægðum reglum um þá upplýsingagjöf¹⁸ og sbr. einnig 118. gr. laganna. Þá getur samþykki viðkomandi leyst fjármálafyrirtæki undan þagnarskyldu, sbr. 123. gr. laganna og 119. gr. um einkamálefni.¹⁹ Í ákvæðum laganna er jafnframt að finna ítarlegar reglur um upplýsingagjöf milli fjármálafyrirtækja í samsteypu, sbr. 120. gr. og 120. gr. a, og eru þessar reglur sambærilegar við 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Tekið er fram í 121. gr. að ekki megi gefa upplýsingar í þeim tilgangi að þær megi nota til að beina markaðssetningu eða ráðgjöf til einstaklinga, nema viðskiptavinir hafi samþykkt slíkt.

3.3.2 Fjármálaeftirlit

Fjármálaeftirlitið (Finanstilsynet) hefur heimild til að fylgjast með starfsemi fjármálafyrirtækja og krefjast upplýsinga eins og nánar er kveðið á um í [347. gr.](#) sömu laga (*lov om finansiel virksomhed*), sem leggur upplýsingaskyldu á fjármálafyrirtæki sem svarar til heimilda Fjármálaeftirlitsins. Upplýsingaskyldan miðast við heimildir Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögnum og má m.a. krefjast upplýsinga um starfshætti fjármálafyrirtækja. Í 2. mgr. 347. gr. er mælt fyrir um frekari heimildir Fjármálaeftirlitsins til að leggja hald á gögn og fá aðgang að starfstöð til að rannsaka þætti sem nauðsyn ber til. Er talið í dönskum rétti að þessar heimildir (sem fela í sér frekara inngríp en upplýsingaskylda) falli undir undanþágur sem taldar eru í 72. gr. stjórnarskrárinnar (um friðhelgi heimilis) og þarf Fjármálaeftirlitið ekki dómsúrskurð til að fá aðgang að starfstöð fjármálafyrirtækis samkvæmt lögnum.²⁰

Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu um meðferð upplýsinga sem þeir fá í starfi sínu, að viðlagðri refsiaþbyrgð, sbr. 354. gr. sömu laga. Samþykki þess einstaklings sem

¹⁸ Andreas Tamasauskas, 38; Sjá bkg. Nr. 531, 15. juni 2000 om penteinstitutters videregivelse af kreditoplysninger og bkg. Nr. 381, 19. april 2007 om sædvanlige kundeoplysninger i finansielle virksomheder (sjá www.ftnet.dk). Eins og sjá má af reglunum er réttmætt að gefa persónuupplýsingar um viðskiptavinum sem og upplýsingar um umfang viðskipta við tiltekið fjármálafyrirtæki, tryggingar, áhersluatriði í fjármálaumsýslu o.s.frv.

¹⁹ Karnov (2006) : 6026 o.áfr.

²⁰ Karnov (2006):6068.

Ákvæðunum er ætlað er vernda leysir yfirvöld ekki undan þagnarskyldu. Varðar brot á þagnarskyldu refsingu skv. 152. gr. – 152. gr. e. refsilaga (*straffeloven*).

Hins vegar eru viðamiklar undantekningar frá þagnarskyldu yfirvalda, eins og nánar er kveðið á um í 6. mgr. [354. gr.](#) Á meðal þeirra sem geta fengið upplýsingar frá fjármálaeftirliti má nefna lögreglu, dómstóla, ráðherra sem fer með málefni fjármálafyrirtækja, stjórnvöld, nefndir þingsins, rannsóknarnefndir sem skipaðar eru með lögum, fastanefndir þingsins; ríkisendurskoðun, Seðlabankann og erlenda seðlabanka, sem og erlendar eftirlitsstofnanir í samræmi við rétt ESB og við lönd utan ESB auk toll- og skattafirvalda.

3.3.3 Skatteftirlit

Heimildir skattafirvalda er að finna í [Skattekontrolløven](#) (nr. 1126 24.11.2005) og eru ákvæði í lögnum sem leggja upplýsingaskyldu á yfirvöld banka og önnur fjármálafyrirtæki (8 F-Q). Hér er um að ræða víðtækar skyldur til að gefa almennar upplýsingar í lok hvers árs, án þess að sérstaklega sé óskað eftir upplýsingum. Í ákvæðunum er gert ráð fyrir að frekari reglur séu settar með stjórnvaldsfyrirmælum. Um upplýsingaskyldu í tilteknum tilvikum, eftir kröfu skattafirvalda, hefur verið talið að heimildir séu þrengri og er gerð krafa um að upplýsingar séu nauðsynlegar við rannsókn tiltekins máls og að gætt sé meðalhófs.²¹

Hefur það löngum verið óumdeild afstaða í dönskum rétti að svo víðtækar takmarkanir leiði af lögbundinni upplýsingaskyldu banka vegna skatta- og tollamála að vart sé hægt að tala um að bankaleynd eða þagnarskylda gildi á því sviði.²²

3.3.4 Réttarvarsla

Þagnarskylda víkur almennt fyrir vitnaskyldu í einkamálum og sakamálum. Ákvæði 168. – 192. gr. réttarfarslaga (*Retsplejeloven* (Lovbekendtgørelse 2008-11-06 nr. 1069) gilda um vitnaleiðslur (bæði í einka- og sakamálum) og hvílir vitnaskylda á öllum, nema undantekningar séu gerðar. Í 169.gr. er mælt fyrir um undantekningu þeirra sem þagnarskylda hvílir á samkvæmt reglum um þagnarskyldu opinberra starfsmanna²³ og fer um vitnaskyldu þeirra eftir ákvæðum laganna og mati dómara.

²¹ Karnov (2006):1793-4. Sjá greinar 8 D og 8 G í *Skattekontrolløven*.

²² George Wenning: Eksisterer bankhemmeligheden? UfR 1996 B, 53, og Andreas Tamasuskas.

²³ Sbr. lög um opinbera starfsmenn (*forvaltningsloven*, 27. gr.) og *tjenestemandsløven* (10:2 gr). Þetta tekur eingöngu til opinberra starfsmanna.

Í 170 gr. er fjallað um vitnaskyldu þeirra sem sérstök þagnarskylda hvílir á, s.s. læknum, prestum, lögmönnum o.s.frv. Ef á reynir og upplýsingar eru mikilvægar fyrir niðurstöðu máls veltur vitnaskylda á úrskurði dómara (m.a. varðandi aðra en þá sem sérstaklega eru undanþegnir. Ekki kemur fram í athugasemdum með lögunum að bankar og bankastarfsmenn geti borið fyrir sig vitnaskyldu en það myndi velta á skýringu á 170 (3).²⁴ Eins og fram kom í kafla um íslenskan rétt er ólíklegt að ákvæðið yrði túlkað rúmt þannig að tæki til bankastarfsmanna, þar sem greinin tekur ekki ótvírætt til þeirra. Almenn er afstaðan í dönskum rétti sú að niðurstaða hvers máls velti á atvikum þess og mati á öllum aðstæðum.

Frekari undanþágur sem miða að því vernda hagsmuni ættingja og réttinn til að sakfella ekki sjálfan sig eru sambærilegar við það sem gildir hér á landi og í Noregi.

3.4 Samantekt og samanburður

- Í dönskum rétti eru reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu lögfestar en byggja á venjuhelgaðri meginreglu samningaréttar um trúnað og sjónarmiðum um vernd viðskiptahagsmuna. Ákvæði laga um fjármálastarfsemi mæla fyrir um ítarlegri reglur um einkaréttarlegar undantekningar frá þagnarskyldu, og verður að lesa ákvæði 117. gr. 2. mgr. um að þagnarskylda fylgi upplýsingum í því ljósi. Refsing (sektir eða fangelsi) liggur við brotum á þagnarskyldu.
- Trúnaðar- og þagnarskylda víkur fyrir upplýsingaskyldu sem byggist á almannahagsmunum. Almenn er talið að upplýsingaskylda sem byggist á almannahagsmunum sé rík í dönskum rétti.
 - Fjármálaeftirlit hefur víðtækar heimildir til að afla upplýsinga og að miðla þeim upplýsingum til annarra eftirlitsaðila. Mun rýmri heimildir eru í dönskum lögum en íslenskum fyrir eftirlitsstofnanir að miðla upplýsingum áfram til tilgreindra aðila sem auk lögreglu og dómstóla eru m.a. ráðherra og önnur stjórnvöld, nefndir þingsins, rannsóknarnefndir, seðlabankinn, erlendir seðlabankar og erlendar eftirlitsstofnanir.
 - Skattýfirvöld hafa ríkar heimildir til að krefjast upplýsinga, auk þess sem almenn upplýsingaskylda hvílir á fjármálafyrirtækjum um upplýsingar í lok hvers árs. Gert er ráð fyrir að setja megi reglur um upplýsingagjöf með stjórnsýslufyrirmælum.

²⁴ „Retten kan bestemme, at forklaring ikke skal afgives om forhold, med hensyn til hvilke vidnet i medfor af lovgivningen har tavshedspligt, og hvis hemmeligholdelse har væsentlig betydning.“ Í UfR 1995:652 var starfsmanni kauphallar gert skylt að gefa upplýsingar í sakamáli og voru reglur um vitnaskyldu skýrðar svo að þagnarskylda viki fyrir henni, eins og málum var háttað.

- Þagnarskylda vÍkur fyrir refsivörslusljónarmiðum og almennt í vitnaleiðslum í einkamálum og opinberum málum og er undanþága tiltekinna starfstétta ekki talin ná til starfsmanna fjármálafyrirtækja. Niðurstaða fer þó eftir atvikum máls og úrskurði dómara.
- Engar vÍsbendingar eru um að trúnaðar- og þagnarskylda njóti stjórnskipulegrar verndar.
- Þagnarskylda hvÍlir á eftirlitsstofnunum og opinberum starfsmönnum, sbr. þó það sem áður sagði.

Í samanburði við íslensk ákvæði um þagnarskyldu eru dönsku ákvæðin ítarlegri. Meginmunur ákvæðanna er þó sá að ákvæði danskra laga eru matskenndari og miðast þagnarskylda við að ekki megi með *óréttmættum* hætti veita öðrum upplýsingar um málefni viðskiptavina *sem leynt eiga að fara*. Við skýringu ákvæðanna er tekið mið af tilgangi þeirra og sögulegu samhengi.

Undantekningar frá þagnarskyldu vegna almannahagsmuna eru rÍkar og eru í meginatriðum sambærilegar við íslensk ákvæði. Þagnarskylda eftirlitsaðila er einnig sambærileg, en þó mega eftirlitsstofnanir, s.s. Fjármálaeftirlitið, veita fleiri aðilum upplýsingar heldur en mælt er fyrir um í íslenskum lögum.

4 Noregur

4.1 Almennt²⁵

Bankaleynd byggist á meginreglu norsks réttar og á rætur að rekja til þess tíma er fyrsti sjálfstæði bankinn var stofnaður í Noregi árið 1824. Lög um banka, sparisjóði og önnur fjármálafyrirtæki mæla fyrir um þagnarskyldu og svipar núverandi ákvæði laganna til ákvæða íslenskra laga. Þar er þagnarskylda lögð á stjórnendur, starfsmenn og endurskoðendur fjármálafyrirtækja auk annarra sem taka að sér verkefni fyrir þau. Ákvæðin taka til viðskiptalegra og persónulegra upplýsinga og varðar refsingu að brjóta gegn þagnarskyldunni.

Eins og fram kemur í ákvæðum um þagnarskyldu fjármálafyrirtækja vÍkur þagnarskyldan fyrir upplýsingaskyldu samkvæmt lögum. Erú undantekningar víða í norskum lögum og eru þær svipaðar og við á í Danmörku og hÉrlendis.

²⁵ International Bank Secrecy; Finn Arnesen, 537-544.

4.2 Þagnarskylda

4.2.1 Lög um fjármálfyrirtæki

Ákvæði um bankaleynd eru nú í *Lov om finansieringsvirksomhet og finansinstitusjoner* (Lov 1988-06-10-40) með síðari breytingum. Eru ákvæði í 3. gr. laganna, [3–14](#) sem bannar stjórnendum og starfsmönnum fjármálfyrirtækja að veita upplýsingar um viðskiptamálefni eða persónuleg málefni annarra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu, nema upplýsingaskylda sé lögákveðin. Sama gildir um aðra þá sem taka að sér verkefni fyrir stofnunina. Almennt refsíákvæði er í [5. gr.](#) og varðar sektum eða fangelsi að brjóta gegn ákvæðum laganna nema strangari refsíákvæði eigi við samkvæmt sérlögum.

Sambærileg ákvæði eru í 21. gr. *Lov om sparebanker* og 18. gr. *Lov om forretningsbanker* og eru refsíheimildir í 59. gr. fyrrnefndu laganna og í 43. gr. síðarnefndu laganna.

Þrátt fyrir orðalag ákvæðisins, sem er þrengra en sambærilegt danskt ákvæði, er ljóst af skýringum með greininni að ákvæðið byggist á viðurkenndri meginreglu²⁶ og er ætla að vernda viðskiptahagsmuni banka og viðskiptavina þeirra, auk þess sem ákvæðið byggir á sjónarmiðum um persónuvernd. Tekur ákvæðið til upplýsinga um málefni viðskiptavina sem ekki eru þegar kunn. Þagnarvernd víkur fyrir lögmaeltri upplýsingaskyldu, en þar sem gerð er krafa um það í ákvæðinu að skylt sé að veita upplýsingar „samkvæmt lögum“ er talið í norskum rétti að upplýsingaskylda þurfi að koma fram í lagaákvæðum, eða að það leiði ótvírætt af lögskýringargögnum, að víkja eigi frá þagnarskyldu. Hins vegar er ekki talið að þagnarskyldan njóti verndar stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs.

4.3 Undantekningar frá þagnarskyldu

4.3.1 Einkaréttarlegar undantekningar

Einkaréttarlegar undantekningar frá þagnarskyldu hafa verið túlkaðar þröngt í norskum rétti. Í grein [3-14](#) koma fram undantekningar að því er varðar upplýsingar sem gefnar eru öðrum fjármálastofnunum (s.s. bönkum og tryggingafélögum) af stjórn f.h.fjármálfyrirtækis. Þessar undantekningar hafa verið túlkaðar þröngt, einnig að því er lýtur að upplýsingagjöf milli fyrirtækja í samstæðu, en í umburðarbréfi (rundskriv) Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2000 eru almennar upplýsingar leyfðar (þ.m.t. upplýsingar um eðli viðskipta einstaklings við banka), án

²⁶ Talað er um „alminnelig internationalt prinsipp“ í skýringum með greininni í Norsk lovkommentar á www.rechtsdata.no.

samþykkis viðskiptavinarins. Ekki er heimilt að gefa upplýsingar um stöðu viðskiptanna, þ.m.t. umfang og fjármagn. Viðskiptavinur getur gefið samþykki sitt og er þess ekki lengur krafist að samþykki sé skriflegt.

Undantekning í grein 3-14 varðandi greiðslustöðu viðskiptavina er ekki lengur talin raunhæf eftir að lög um vernd persónuupplýsinga gengu í gildi og verður í öllu falli að taka mið af þeim lögum ef upplýsingar um viðskiptavini eru skráðar kerfisbundið.²⁷

4.3.2 Fjármálaeftirlit

Heimildir fjármálaeftirlits til eftirlits og upplýsinga eru í 3. gr. laga um fjármálaeftirlit (*Lov om tilsynet for kredittinstitusjoner, forsikingselskaper og verdipapirhandel m.v. (kredittilsynsloven)* L67.12.1956 nr. 1, með síðari breytingum). Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. og [3. mgr. 4. gr.](#) laganna getur fjármálaeftirlit kallað eftir öllum þeim upplýsingum og gögnum sem það þarf til að framfylgja eftirlitsskyldu sinni frá þeim stofnunum sem það hefur eftirlit með. Ef upplýsingar fást ekki frá stofnuninni má kalla eftir upplýsingum frá einstökum starfsmönnum hennar. Samkvæmt 3. gr. a hvílir tilkynningaskylda á endurskoðendum ársreikninga um atvik sem þeir komast að og brjóta gegn lögum eða geta skaðað starfsemi stofnunarinnar og fullnægir þetta ákvæði kröfum í tilskipun 95/26/EB. Frekari reglur eru um endurskoðendur og þagnarskyldu þeirra í lögum um endurskoðendur.

Í [1. mgr. 7. gr.](#) eru ákvæði um þagnarskyldu fjármálaeftirlitsins og starfsmanna þess, og varðar refsingu ef brotið er gegn henni skv. 10. gr. laganna og 121. gr. refsilaga. Undantekningar eru frá þagnarskyldu og kemur hún ekki í veg fyrir að upplýsingar séu veittar ákærvaldi, samkvæmt 6. gr. sömu laga og samkvæmt 13. gr. b nr. 6 í stjórnarsýslulögum (*forvaltningsloven*). Þá nær undantekning til seðlabanka Noregs (Norges bank), seðlabanka EES-ríkja og eftirlitsstofnana þeirra ríkja, samkvæmt reglum sem um það gilda²⁸ og verðbréfaþings.

Þessar undantekningar eru þrengri en í gildandi dönskum lögum og yrðu öðrum yfirvöldum líklega ekki veittar upplýsingar sem þagnarskyldan tekur til, nema að heimildir væru til þess í öðrum lögum. Hins vegar má útfæra undantekningar þessar með stjórnarsýslufyrirmælum. Heimildin nær, eðli málsins samkvæmt, aðeins til þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að hafa eftirlit með stofnunum, í samræmi við ákvæði laganna, og tekur því ekki sjálfkrafa til einkamálefna viðskiptavina, þó að það sé ekki útilokað.

²⁷ Lov 14 april 2000 nr. 31 (*Personopplysningsloven*).

²⁸ Um skipti á upplýsingum við eftirlitsstofnanir EES-ríkja fer samkvæmt ákvæðum stjórnvaldsfyrirmæla sem innleiða tilskipun 2004/39/EB. (Fin 1998-11-30- 1102: Forskrift om utveksling a opplysninger med tilsynsmyndigheter fra land i og utanfor EØS området).

Þagnarskylda vÍkur fyrir réttarvörslusjónarmiðum, þ.e. skyldu til að gefa vitni í dómsmáli sbr. 4.3.4.

4.3.3 Skatteftirlit

Í lögum um skatteftirlit eru einnig lögbundnar undantekningar frá þagnarskyldu fjármálafyrirtækja. Þar koma helst til skoðunar ákvæði [Ligningsloven](#) (Lov om ligningsforvaltning 1980-06-13-24)²⁹ sem leggja upplýsingaskyldu á þriðju aðila, þ.á m. fjármálafyrirtæki, bæði að því er varðar upplýsingar að eigin frumkvæði (árlegar upplýsingar vegna skattframtala) og upplýsingar eftir kröfu skattyfirvalda.

Í [grein 6-4](#) er lögð skylda á fjármálafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og lífeyrissjóði að veita upplýsingar að eigin frumkvæði um reikninga einstaklinga, félaga o.fl. auk upplýsinga um vexti o.fl. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar skulu sambærilegar upplýsingar veittar, að kröfu skattyfirvalda, um nafngreinda einstaklinga, fyrirtæki o.fl.; ennig má krefjast upplýsinga þó að ekki sé um nafngreinda aðila að ræða. Þvingunarrúrræði fylgja þessari skyldu sem og refsiviðurlög skv. 12. gr. laganna.

Þegar skattyfirvöld krefjast upplýsinga um nafngreinda einstaklinga eða lögaðila, skv. 3. gr., er þess krafist að upplýsinganna sé óskað í þeim tilgangi að rannsaka skattskil þess einstaklings eða lögaðila. Veita skal upplýsingar um öll viðskipti þess sem nafngreindur er en ákvæðið veitir ekki heimild til að rannsaka viðskipti þriðja aðila sem tengist þeim sem rannsóknin beinist að. Í [grein 6-5](#) er lögð upplýsingaskylda á kauphallir og skulu upplýsingar taka til eignastöðu einstaklinga.

4.3.4 Réttarvarsla

Þagnarskyldan vÍkur fyrir skyldu til að veita upplýsingar til lögreglu vegna rannsókna, samkvæmt dómsúrskurði og fyrir dómi. Eru norskar reglur svipaðar þeim sem gilda hér á landi, enda var höfð hliðsjón af norskum lögum við gerð nýrra laga um sakamálaréttarfar. Ákvæði um vitnaskyldu og undanþágu frá henni eru nú í 119.-124. gr. laga um refsiréttarfar (*Straffeprosessloven*, 1981-05-22-25, með síðari breytingum).

Starfsmenn fjármálafyrirtækja eru ekki undanþegnir vitnaskyldu í einkamálum en samkvæmt grein 22-3 í réttarfarslögum (17.06.2005 nr. 90 *Tvisteloven*) geta sérstakar starfssstéttir borið

²⁹ Ekki verður fjallað um sérlög, s.s. um erfðafjárskatt, virðisaukaskatt o.sfrv. en svipuð sjónarmið gilda.

fyrir sig þagnarskyldu vegna einkamálefna annarra. Þar er einkum um að ræða starfsstéttir eins og presta, félagsráðgjafa, lögmenn o.s.frv. og miðast ákvæðið við að vernda þagnarskyldu eins og hún kemur fram í 13. gr. stjórnslulaga (*forvaltningslov*). Samkvæmt skýringum með ákvæðinu eru þeir tæmandi taldir sem geta borið fyrir sig þagnarskyldu og eru starfsmenn fjármálafyrirtækja ekki tilteknir. Almenn vitnaskylda hvílir því á þeim og víkur þagnarskylda fyrir henni.

4.3.5 Annað

Í sérlægum um sérstök fjármálafyrirtæki, s.s. sparisjóði, er tilgreind undantekning frá þagnarskyldu sem felst í því að gefa má yfirvöldum félagsmála upplýsingar um viðskiptavinum í samræmi við ákvæði almannatryggjalaga, sjá grein 21 í [Lov om sparebanker](#) og grein 18 í [Lov om foretningsbanker](#).

4.4 Samantekt og samanburður

- Ákvæði um þagnarskyldu er lögbundið í Noregi og svipar til ákvæða íslenskra laga um fjármálafyrirtæki, að öðru leyti en því að ekki er mælt fyrir um að þriðji aðili, sem fær upplýsingar, beri einnig þagnarskyldu. Þá eru einkaréttarlegar takmarkanir lögfestar (þ.e. að fjármálafyrirtæki megi miðla upplýsingum til annarra fjármálafyrirtækja). Eingöngu er almenn refsheimild í lögum, en ekki sértæk refsheimild vegna brota á þagnarskyldu eins og er í íslenskum og dönskum rétti.
- Þagnarskylda víkur fyrir lögbundinni upplýsingaskyldu.
 - Fjármálaeftirlit hefur víðtækar heimildir til að afla upplýsinga og er tekið fram að krefja megi einstaka stjórnendur eða starfsmenn um upplýsingar ef þær fást ekki með öðrum hætti. Skylda má endurskoðendur til að gefa tilteknar upplýsingar. Starfsmenn fjármálaeftirlits bera þagnarskyldu, með tilgreindum undantekningum sem eru þengri en í dönskum lögum og taka einkum til annarra eftirlitsstofnana og seðlabanka, þ.m.t. erlendra eftirlitsaðila.
 - Skattyfirvöld hafa víðtækar heimildir til að afla upplýsinga og er bæði almenn og sértæk upplýsingaskylda lögð á fjármálafyrirtæki. Við rannsókn einstakra mála er gerð krafa um að upplýsingar sem óskað er eftir varði þá rannsókn sérstaklega.
 - Þagnarskylda víkur fyrir skyldu til að veita upplýsingar til lögreglu vegna rannsóknar samkvæmt úrskurði dómstóla og fyrir vitnaskyldu fyrir dómi.

- Engar vísbendingar eru um að trúnaðar- og þagnarskylda njóti stjórnskipulegrar verndar í norskum rétti.

Ef norsk ákvæði um trúnaðar- og þagnarskylda eru borin saman við íslensk ákvæði má sjá að ákvæði íslensku laganna taka mið af orðalagi norsku ákvæðanna. Eftir orðalagi sínu leggja ákvæðin ríka þagnarskylda á víðan hóp stjórnenda, starfsmanna, sérfræðinga og annarra þeirra sem taka að sér verk fyrir fjármálafyrirtækið og bendir orðalagið einnig til þess að undantekningar verði að skýra þröngt. Hins vegar eru þær undantekningar sem viðurkenndar eru, bæði einkaréttarlegar undantekningar og þær sem byggjast á almannahagsmunum, svipaðar og við á í dönskum rétti og hér á landi og verður ekki talið að framkvæmd sé merkjanlega frábrugðin í norskum rétti samanborið við danskan og íslenskan rétt.

5 Þýskaland

5.1 Almennt³⁰

Í þýskum rétti er trúnaðar- og þagnarskylda byggð á meginreglum samningaréttar um trúnaðarsamband banka og viðskiptavina og leiðir af skyldum bankans í samningssambandi aðila en ekki af lögfestum reglum um þagnarskylda. Í þagnarskyldunni felst bann við því að veita upplýsingar um þau málefni viðskiptavina sem þeir óska eftir að fari leynt. Meginreglan um bankaleynd nær til allra banka og fjármálafyrirtækja í Þýskalandi, hvort sem þeir eru einkareknir eða reknir af hinu opinbera. Til viðbótar getur þagnarskylda opinberra starfsmanna komið til álita þegar um ríkisrekna banka er að ræða og getur það í þeim tilvikum varðað refsingu að láta uppi upplýsingar, í stað þess sem almennt er, að brot á trúnaðar- og þagnarskylda verði bótaskylda vegna sammingsrofs.

Nokkur umræða hefur verið um það í þýskum rétti hvort bankaleynd eigi rætur að rekja til stjórnarskrárbundinnar meginreglu um vernd einkalífs³¹ eða til meginreglna samningaréttar. Í vernd einkalífs felst þagnarskylda um einkamálefni og hafa sumir talið að réttur til að halda

³⁰ International Bank Secrecy, Harald Jung, 213-231; Ross Cranston (ed.), European Banking Law: The Banker-Customer Relationship, LLP, London 1999, 73-74.

³¹ Sjá 2. gr. þýsku stjórnarskrárinnar sem verndar einkalíf og er þagnarvernd talin hluti af vernd einkalífs .

upplýsingum um fjárhagsleg mál leyndum felist í ákvæðinu. Þessi sjónarmið eru þó í minnihluta og þeir eru fleiri sem ganga út frá því að bankaleynd byggist á meginreglum samningaréttar.³²

5.2 Þagnarskylda

Inntak þagnarskyldu í þýskum rétti ræðst af samningssambandi aðila og er vilji viðskiptavinarins meginatriði sem líta þarf til. Í stöðluðum samningsskilmálum fyrir fjármálafyrirtæki er mælt fyrir um skyldu banka og fjármálafyrirtækja að veita ekki þriðja aðila upplýsingar um viðskiptasamband aðila. Viðskiptavinir geta þó samþykkt að upplýsingar séu veittar.

Þó að ekki sé um lögbundna þagnarskyldu að ræða er þagnarskylda styrkt með tilteknum lagaákvæðum. Þar á meðal eru ákvæði reglna um einkamálaréttafar (383. gr.(1) 6. Liður og 384. gr. 3. liður (*Zivilprozessordnung*)³³, en þar eru mælt fyrir um rétt til að neita að bera vitni um atriði sem vitni fékk vitneskju um í starfi sínu og sem leynt á að fara. Þessi ákvæði eru áþekk lögum í Danmörku, Noregi og hérlendis, en það hefur verið staðfest í þýskri dómaframkvæmd að starfsmenn banka og fjármálastofnana geti borið fyrir sig ákvæðið og að það taki til bankaleyndar.³⁴ Ákvæðið tekur einnig til þeirra sem vinna fyrir banka sem eru ríkisreknir, þar sem þeir eru bundnir þagnarskyldu, og ef þagnarskylda er rofin um atriði sem neita má að bera vitni um er um refsivert brot að ræða skv. 203. gr. 2. mgr. refsilaga (*Strafgesetzbuch*).³⁵

Hins vegar geta starfsmenn banka ekki borið fyrir sig ákvæði um þagnarskyldu til að komast hjá því að gefa upplýsingar við rannsókn sakamála, samkvæmt 161.gr. a laga um opinbert réttarfar (*Strafprozeßordnung*), eða við meðferð sakamála (sbr. 53.-54. gr.). Þetta á við með fyrirvara um reglur sem gilda um þagnarskyldu opinberra starfsmanna og með fyrirvara um heimild til að neita að gefa upplýsingar sem geta sakfellt einstakling. (55. gr. *Strafprozeßordnung*).

³² Sjá International Bank Secrecy, 213 og European Banking Law, 73.

³³ Texti: German Commercial Code & Code of Civil Procedure in English (Translated by Charles E. Stewart) Oceana Publications, Inc. , New York, 2001.

³⁴ Internatonal Bank Secrecy, bls. 217. Aðrir geta borið fyrir sig ákvæðið, s.s. starfsmenn, lögmennt, skiptastjórar o.s.frv.

³⁵ Texti: The German Penal Code (as amended as of December 19, 2001) Translated by Stephen Thaman. William S. Hein & Co, Inc, New York 2002.

5.3 Undantekningar frá trúnaðar- og þagnarskyldu

5.3.1 Einkaréttarlegar undantekningar

Nokkuð er um undantekningar frá trúnaðar- og þagnarskyldu sem teljast til einkaréttarlegra undantekninga og sem nánar leiðir af samningssambandi aðila. Undantekningar frá trúnaðar- og þagnarskyldu geta byggst á samþykki aðila; þá eru viðurkenndar venjubundnar heimildir banka til að gefa öðrum bönkum eða einkaaðilum upplýsingar um málefni viðskiptavina og greiðslustöðu. Þ.á m. heimilar gr. 840 reglna um einkamálaréttarfar (*Zivilprozessordnung*) kröfuhafa sem leitar fullnustu dóms að fá upplýsingar frá þriðja aðila sem skuldar dómþola (en þar getur verið um banka að ræða).

5.3.2 Fjármálaeftirlit

Eftirlitsaðilar sem fara með fjármálaeftirlit hafa heimildir sem takmarka trúnaðar- og þagnarskyldu. Þær heimildir sem leiðir af reglum Basel I og II, sem hafa verið teknar upp í þýskan rétt, sem og ESB, veita rétt til að krefjast upplýsinga (sjá [kafla 8.2](#)). Í þýskum rétti hafa reglur Basel-nefndarinnar verið teknar upp í landsrétt, en rétt er að minna á að aðildarríki geta gert frekari kröfur en leiðir af reglum tilskipunarinnar. Þýsk löggjöf um banka (*Kreditwesengesetz*) hefur lengi lagt tilkynningaskyldu á banka og fjármálasfyrirtæki í nánar tilteknum tilvikum, einkum ef háar fjárhæðir eru greiddar einstökum viðskiptavinum eða ef skuldastaða viðskiptavinar nær ákveðinni fjárhæð (sjá [13. og 14. gr.](#) laganna).³⁶ Hafa þessar reglur, reglur um upplýsingaskyldu fjármálasfyrirtækja um lán sem veitt eru stjórnendum og starfsmönnum bankans, og aðrar reglur um aukna áhættu verið uppfærðar í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Eftirlit með fjármálasfyrirtækjum er í höndum Seðlabanka Þýskalands (Deutsche Bundesbank) og fjármálaeftirlits (Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht) og hafa stofnanirnar víðtækar heimildir til að kalla eftir upplýsingum frá bönkum og fjármálasfyrirtækjum um hvaðeina sem varðar viðskipti þeirra, kalla eftir gögnum og endurskoða reikninga ([44. gr.](#)). Þess er ekki krafist að fjármálaeftirlitið gefi ástæður fyrir aðgerðum sínum en heimildirnar eru bundnar við það sem nauðsynlegt er fyrir fjármálaeftirlitið til að sinna hlutverki sínu. Viðurkennt

³⁶ Vísað var til hins fyrrgreinda sem reglunnar um „stór lán“; í síðari tilvikinu er vísað til „milljónalána“.

er að hér er um viðamiklar heimildir að ræða en þeim hefur verið beitt hóflega. Trúnaðar- og þagnarskylda vikur því fyrir upplýsingaskyldu.

Þagnarskylda hvílir á starfsmönnum fjármálaeftirlitsins eins og annars staðar og er það í samræmi við reglur annars staðar og í reglum ESB. Í [9. gr. Kreditwesengesetz](#), leggur þagnarskylda á alla aðila sem vinna að eftirliti samkvæmt lögnum. Mega starfsmenn hvorki skýra frá né notfæra sér upplýsingar sem þeir komast að í störfum sínum. Þagnarskylda nær einnig til þeirra sem komast að upplýsingum sem þagnarskylda nær til í gegnum upplýsingar frá stjórnvöldum. Hins vegar eru undantekningar frá þagnarskyldunni, sem taka til ákærvalds, stjórnsýsluhafa og dómstóla sem fara með refsímál- og sektarmál; aðrar eftirlitsstofnanir, stofnanir sem fara með gjaldþrotaskipti, endurskoðendur, tryggingarsjóðir, verðbréfaþing o.s.fr.v geta líka fengið upplýsingar að svo miklu leyti sem er nauðsynlegt og eins og nánar kemur fram í 9. gr.

5.3.3 Skatteftirlit

Nákvæmar reglur gilda um skatteftirlit og meðferð skattamála sem takmarka trúnaðar- og þagnarskyldu. Ef um er að ræða sakamál eða stjórnsýslumál vegna brota á skattalöggjöf gilda þær reglur sem áður komu fram og vikur trúnaðar- og þagnarskylda fyrir upplýsingaskyldu.

Þegar um skatranssókn er að ræða er gerð sú krafa að allar fyrirspurnir frá skattyfirvöldum séu nákvæmar og sértækar og getur trúnaðar- og þagnarskylda þá ekki komið í veg fyrir að fjármálafyrirtæki veiti upplýsingar um staðreyndir. Vald skattyfirvalda var til skamms tíma takmarkað þannig að ekki var heimilt að fara fram á upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum í þeim tilgangi að hafa almennt eftirlit með tilteknum reikningum eða til að ganga úr skugga um rétt skattskil (30. gr. *Abgabenordnung*). Nýrri lög rýmka þessar heimildir og veita skattyfirvöldum heimildir til að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um bankareikninga sem kallað er eftir og er ekki gerð krafa um að sýnt sé fram á að líkur séu á broti (*Gesetz zur Förderung der Steuerehrlichkeit*). Nægilegt er að spurningar vakni og er fjármálafyrirtækjum þá skylt að svara fyrirspurnum og veita upplýsingar.³⁷

5.3.4 Réttarvarsla

Um sjónarmið í þýskum rétti varðandi rannsókn mála og málsmeðferð fyrir dómi vísast til 5.2.

³⁷ Samkvæmt niðurstöðu æðsta skattalagadómstóls (Federal Fiscal Court) (AZ VII R 47/07). Þessar reglur hafa sætt gagnrýni, en áður settu takmarkanir á heimildum skattyfirvalda gagnrýni og var því m.a. haldið fram að takmarkaðar heimildir til skatteftirlits brytu gegn jafnræðisreglu þýsku stjórnarskrárinnar.

5.3.5 Annað

Í þýskum rétti er, eins og í norskum rétti, að finna heimildir félagsmálayfirvalda til að fá upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum í málum þar sem einstaklingar sækja um greiðslu tiltekinna bóta (*Sozialhilfe; Sozialleistungen*).

5.4 Samantekt og samanburður

- Í þýskum rétti er trúnaðar- og þagnarskylda byggð á meginreglum samningaréttar um trúnaðarsamband banka og viðskiptavina og leiðir af skyldum bankans í samningssambandi aðila en ekki af lögfestum reglum um þagnarskyldu. Af þessu leiðir að brot gegn þagnarskyldu sæta einkaréttarlegum viðurlögum (s.s. skaðabótaskyldu) en ekki refsingu, nema þegar um er að ræða starfsmenn ríkisrekkinna banka sem brjóta gegn lagaákvæðum um þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Af þessu leiðir einnig að þagnarskylda yrði ekki lögð á þá sem standa utan samningssambandsins, nema aðrar heimildir væru fyrir slíkri skyldu.
- Einkaréttarlegar undantekningar eru viðurkenndar.
- Trúnaðar- og þagnarskylda vikur fyrir upplýsingaskyldu á ákveðnum sviðum.
 - Fjármálaeftirlit. Fjármálaeftirlit er í höndum þýska seðlabankans og fjármálaeftirlitsins og hafa eftirlitsstofnanir víðtækar heimildir til að kalla eftir öllum þeim upplýsingum sem þær telja nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu.
 - Ítarlegar reglur gilda um skatteftirlit og fer upplýsingaskylda eftir málsmeðferð. Almenn er gerð krafa um að fyrirsurnir frá yfirvöldum séu nákvæmar og sértækar og getur trúnaðar- og þagnarskylda þá ekki komið í veg fyrir að upplýsingar séu gefnar. Ef um refsímál eða stjórnslumál vegna ætlaðra brota er að ræða gilda almennar reglur. Heimildir skattyfirvalda í þeim tilgangi að hafa almennt eftirlit með útreikningi skatta hafa nýlega verið rýmkaðar og hefur trúnaðar- og þagnarskylda um tilteknar tegundir reikninga þrengst að sama skapi.
 - Trúnaðar- og þagnarskylda vikur fyrir refsivörslusjónarmiðum og vitnaskyldu í sakamálum (fyrir starfsmenn ríkisbanka þó því aðeins að yfirmenn gefi heimild). Starfsmenn fjármálafyrirtækja geta hins vegar borið fyrir sig þagnarskyldu í einkamálum og eru reglur um undantekningar frá vitnaskyldu sem taka til tiltekinna starfsstétta taldar taka til þeirra.

- Nokkur umræða hefur verið um það í þýskum rétti hvort trúnaðar- og þagnarskylda eigi rætur að rekja til stjórnarskrárbundinnar meginreglu um vernd einkalífs. Þó er almennt talið að svo sé ekki.

Í samanburði við íslenskan rétt má segja að þýsk ákvæði um trúnaðar- og þagnarskyldu séu annars eðlis, þar sem þau eru ólögbundin og byggjast á samningssambandi aðila. Af því leiðir að munur er á beitingu reglnanna, einkum að þær eru matskenndari í þýskum rétti og svipar að því leyti til réttarstöðunnar í dönskum rétti. Viðurlög við brotum eru einkaréttarleg, þ.e. skaðabætur fremur en refsing.

Þegar trúnaðar- og þagnarskyldunni er lýst með hliðsjón af viðurkenndum undantekningum frá henni, bæði einkaréttareglum undantekningum og undantekningum sem byggjast á almannahagsmunum, er þó ljóst að ekki er um eðlismun að ræða og að inntak trúnaðar- og þagnarskyldunnar er svipað og í dönskum, norskum og íslenskum rétti.

6 Bretland³⁸

6.1 Almennt

Í breskum rétti byggist meginreglan um trúnaðar- og þagnarskyldu á sjónarmiðum samningaréttar þess efnis að trúnaður milli banka og viðskiptavina felist í samningssambandi þeirra. Þessi regla var staðfest í dómi frá 1924,³⁹ sem er enn gilt fordæmi um bankaleyndi í Bretlandi, og slær því föstu að trúnaðar- og þagnarskylda sé undirsskilin í samningssambandi aðila. Er reglan sambærileg við reglu um trúnaðar- og þagnarskyldu í þýskum rétti og fer inntak hennar eftir frekari túlkun á samningssambandi aðila, en tekur til allra upplýsinga um viðskipti við bankann (reikninga, stöðu þeirra, færslna og hreyfinga á reikningum, veða o.sfrv.) auk þess sem önnur einkamálefni falla undir þagnarskyldu. Gerður er sá greinarmunur að upplýsingar sem viðskiptavinur sjálfur veitir má ekki láta af hendi, jafnvel þó að viðskiptum við bankann sé lokið. Upplýsingar um viðskiptavin sem koma frá öðrum má bankinn hins vegar láta af hendi eftir að samningssambandi aðila er lokið.

Trúnaðar- og þagnarskyldan er ekki óundanþæg, eins og kom fram í áðurgreindu fordæmi. Er þar um að ræða einkaréttarlegar undantekningar sem leiðir af hagsmunum bankans annars vegar

³⁸ International Bank Secrecy, Wendy Fowler, 243-269.

³⁹ *Tournier v National Provincial and Union Bank of England* [1924] 1 K.B. 461. Í málinu braut bankastarfsmaður þagnarskyldu þegar hann hringdi í vinnuveitanda stefnanda og upplýsti hann um yfirdrátt hans og skuld við bankann.

og samþykki viðskiptavinarins hins vegar (6.3.1) og undantekningar sem byggjast á almannahagsmunum. Þar er nánar um það að ræða að upplýsinga sé krafist í lögum eða að skylt sé að veita upplýsingar í tívikum þar sem almannahagsmunir vega þyngra en einkahagsmunir (6.3.2. og 6.3.3).

6.2 Þagnarskylda

Um inntak trúnaðar- og þagnarskyldu í breskum rétti sjá 6.1.

6.3 Undantekningar frá trúnaðar- og þagnarskyldu

6.3.1 Einkaréttarlegar undantekningar

Upplýsingar um einka- og viðskiptahagsmuni viðskiptavinar má gefa með samþykki hans, en þess er krafist að samþykki sé gefið berum orðum. Þetta kemur fram í reglum um starfsemi sem bankar hafa sett sér [*The Banking Code*], 112. gr. sem fjallar um upplýsingar um greiðslustöðu og kemur fram að slíkar upplýsingar verði ekki veittar öðrum nema með samþykki viðskiptavinar.⁴⁰ Hafa undantekningar frá þagnarskyldu fjármálafyrirtækja því þrengst í breskum rétti eins og annars staðar, en áður voru þær byggðar á venju og talið nægilegt að samþykki væri undirskilið í samningi aðila. Þá verður að gæta að löggjöf um vernd persónuupplýsinga eins og annars staðar.

Undantekningar frá þagnarskyldu sem gera verður í þágu bankans eru einnig þröngar og miðast t.d. við vörn banka í dómsmáli þar sem ágreiningur varðar viðskiptasamband aðila,⁴¹ eða tilkynningaskyldu um starfsemi bankans, þar sem nauðsynlegt er að veita upplýsingar [*The Banking Act*]

6.3.2 Lögbundnar undantekningar

Í breskum rétti er fjöldi lögbundinna undantekninga frá trúnaðar- og þagnarskyldu og víkur þagnarskyldan fyrir upplýsingaskyldu samkvæmt lögum. Er almennt miðað við að allar upplýsingar skuli gefnar við rannsókn mála og við úrlausn ágreiningsmála fyrir dómi, eftir nánari ákvörðun dómara. Grundvallarregluna má rekja til gamallar löggjafar [*the Bankers' Books Evidence Act*, frá 1879] þar sem tekið var fram að þagnarskyldan viki fyrir skyldu banka til að

⁴⁰ Sjá einnig *Turner v Royal Bank of Scotland plc* [2001] All ER (D) 139, CA).

⁴¹ Sjá m.a. *Sunderland v Barclays Bank Ltd* 5 LDAB 163.

upplýsa alla þætti máls sem óskað væri eftir og getur upplýsingaskylda byggst á lögum og öðrum heimildum réttarins (s.s. fordæmi).

Í ákvæðum um rannsókn sakamála (*Police and Criminal Evidence Act 1984*) er kveðið á um aðgang að gögnum sem nauðsynleg eru til rannsóknar sakamáls (9. gr.) og eru þar sérstaklega talin gögn sem lúta að viðskiptum og gögn sem háð eru trúnaðarskyldu (14. gr.). Geta bankar ekki borið fyrir sig trúnaðar- og þagnarskyldu í þessum tilvikum og það leiðir ekki af trúnaðarskyldu þeirra við viðskiptavini að þeir beri fyrir sig bankaleynd eða tilkynni viðskiptavini um rannsóknina.⁴²

Ákvæði tilskipunar 2005/60/EB um peningaþvætti binda Bretland (sjá kafla 9) og auk þess er fjöldi ákvæða í innlendri löggjöf sem skylda banka og fjármálafyrirtækja til að láta af hendi upplýsingar sem varða alvarleg brot.⁴³

6.3.3 Skattrannsóknir

Ákvæði skattalaga mæla fyrir um upplýsingaskyldu og eru heimildir taldar í *Taxes Management Act, 1970* og í *Income and Corporation Taxes Act, 1988*. Er bönkum skylt að veita upplýsingar um verðbréf/hlutabréf viðskiptavina ef um það er beðið samkvæmt 13. gr. TMA; og tekjur af þeim (24. gr.)⁴⁴ og gefa upplýsingar um vexti sem greiddir hafa verið (17. gr.); almenn heimild er í 20. gr. um að svara öllum fyrirspurnum frá eftirlitsaðila. Þá er almenn heimild í *Income and Corporation Taxes Act, 745. gr.* til að afla nauðsynlegra gagna.

Heimildir eru einnig í lögum um félög,⁴⁵ þar sem rannsóknarheimildir heimildir til að leggja hald á gögn eru viðurkenndar og í gjaldþrotalögum⁴⁶ þar sem vitnaskylda er lögð á hvern þann sem getur gefið upplýsingar sem máli skipta og getur sú skylda tekið til banka og fjármálafyrirtækja.

6.3.4 Fjármálaeftirlit

⁴² Sjá *Barclays Bank plc (t/a Barclaycard) v Taylor* [1989] 3 All ER 563).

⁴³ Serious Fraud - Criminal Justice Act 1987 (CJA 1987), 2. gr.; Drug Trafficking Act 1994 (DTA 1994), 51. gr.; Prevention of Terrorism (Temporary Provisions) Act 1989 (s12); Proceeds of Crime Act 2002 (PCA 2002).

⁴⁴ Þó ekki þegar viðkomandi er ekki búsettur í Bretlandi, skv. 24. gr. 3. mgr.

⁴⁵ Companies Act 1985, Part XIV (ss 431-453) and Companies Act 2006 s1035.

⁴⁶ Insolvency Act 1986, s236.

Fjármálaeftirlit í Bretlandi er í höndum einkaaðila sem fer með eftirlitsvald fyrir hönd ríkisins. FSA, *Financial Services Authority*, starfar samkvæmt heimildum laga þar um (*Financial Services and Markets Act 2000*), og eru hlutverk stofnunarinnar þar talin, þ. á m. að hafa eftirlit með starfsemi fjármálamarkaða og að koma í veg fyrir refsiverð brot. Reglur um heimildir til að afla upplýsinga koma fram í lögnum. Tekið er mið af reglum ESB í lögum um heimildir stofnunarinnar. Upplýsingar sem krefjast má miðast þær við lögbundið hlutverk FSA (sjá einkum [175 gr.](#)) og eru heimildir í lögnum til að skipa sérstaka aðila til að fara með rannsókn mála og þær heimildir sem þeim eru veittar (sbr. 15. og 16. gr. laganna). Heimildir til að óska eftir upplýsingum eru í [165. gr.](#) og 175. gr. laganna og tekur 5. mgr. 175. gr. sérstaklega til upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja. Verður fjármálafyrirtækjum sem eru bundin þagnarskyldu, ekki gert skylt að veita upplýsingar nema í ákveðnum tilvikum, s.s. þegar rannsókn beinist sérstaklega að þeim sem nýtur verndar þagnarskyldu, eða hann hefur veitt samþykki sitt, en að öðrum kosti að undangenginni ákvörðun stofnunarinnar um að upplýsingar skuli veittar.

Þagnarskylda hvílir á starfsmönnum FSA og öðrum sem vinna að rannsókn mála samkvæmt [348. gr.](#), en 349. gr. laganna heimilar undantekningar frá þeirri þagnarskyldu. Þessar undantekningar eru rúmt afmarkaðar og miðast við framkvæmd opinberrar skyldu, sem er nánar skilgreint í 349. gr. Þá má gera frekari undantekningar með reglum sem Fjármálaráðuneytið setur.

Fjármálaeftirlitið er ábyrgt gagnvart starfsmönnum fjármálaráðuneytis og gagnvart þinginu og gefur fjármálaráðuneytinu árlega skýrslu, auk þess sem kalla má starfsmenn þess fyrir fjármálanefnd þingsins (*Treasury Select Committee*) en sú þingnefnd hefur heimild til að taka skýrslur af vitnum vegna starfa sinna.

6.3.5 Annað

Sú meginregla er dregin af *Tournier* að trúnaðar- og þagnarskylda víki fyrir upplýsingaskyldu sem byggist á almannahagsmunum. Hins vegar hafa sumir haldið því fram að eftir því sem takmarkanir á trúnaðar- og þagnarskyldu verða viðameiri, með löggjöf á ýmsum sviðum, verði inntak þessarar meginreglu minna. Dómstólar hafa þó áfram stuðst við þessa reglu þegar sértækari reglum er ekki fyrir að fara og byggist niðurstaða þá á mati dómara á almannahagsmunum, sem oft væru tengdir almannaöryggi og réttarvörslusjónarmiðum.⁴⁷

6.4 Samantekt og samanburður

⁴⁷ Sjá m.a. *Libyan Arab Foreign Bank v Bankers Trust Co LAFB* [1989] 3 All ER 252, þar sem almannahagsmunir voru taldir vega þyngra en einkahagsmunir og *Femis-Bank (Anguilla) Ltd v Lazar* [1991] Ch 391, þar sem um ólöglega starfsemi var að ræða og var talið að það væri í þágu almennings að upplýsa um þá starfsemi.

- Í breskum rétti byggist meginreglan um trúnaðar- og þagnarskyldu á sjónarmiðum samningaréttar þess efnis að trúnaður milli banka og viðskiptavina felist í samningssambandi þeirra. Þessi regla var staðfest í dómi frá 1924⁴⁸, sem er enn gilt fordæmi í Bretlandi og er inntak meginreglunnar svipað þeirri reglu sem gildir í þýskum rétti.
- Viðurkenndar undantekningar eru frá trúnaðar- og þagnarskyldu sem eru annars vegar einkaréttarlegar (samþykki, samningar og hagsmunir fjármálafyrirtækis af því að birta upplýsingar) og hins vegar lögbundnar undantekningar eða undantekningar í almannabágu.
- Lögákveðnar undantekningar eru á ýmsum sviðum, s.s.
 - Skattalögum, þar sem skylda hvílir á fjármálafyrirtækjum að upplýsa yfirvöld um tiltekin atriði, bæði að eigin frumkvæði og til að svara fyrirspurnum.
 - Lögum um fjármálaeftirlit þar sem upplýsingaskylda þriðja aðila í einstökum málum er miðuð við að grunur beinist að þeim sem þagnarskyldan verndar en upplýsingaskylda fer annars eftir heimildum stofnunarinnar. Undantekningar frá þagnarskyldu starfsmanna fjármálaeftirlits eru rúmar og miðast við opinbera hagsmuni; þ. á m. má kalla starfsmenn fyrir fjármálanefnd þingsins.
 - Reglur um lögreglurannsókn og meðferð sakamála heimila aðgang að upplýsingum og reglur um meðferð dómsmála heimila aðgang að upplýsingum eftir úrskurði dómara.
- Því til viðbótar er það sjónarmið byggt á *Tournier* að ef almannahagsmunir veða þyngra en einkahagsmunir í tilteknu máli geti þeir gengið framur einkahagsmunum, eftir mati dómstóla.
- Engar vísbendingar eru um að trúnaðar- og þagnarskylda njóti stjórnskipulegrar verndar í breskum rétti.

Samanburður við rétt þeirra Evrópuríkja sem fjallað er um í skýrslunni sýnir að reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu eru svipaðar í breskum rétti og þýskum og eru, eins og reglur í þýskum rétti og dönskum, matskenndari en reglur í íslenskum og norskum rétti. Þegar tekið er mið af lögbundnum undantekningum og viðurkenndum einkaréttarlegum undantekningum er þó ljóst að reglurnar eru svipaðar og gegna svipuðu hlutverki. Rýmri heimildir eru í breskum rétti til að veita upplýsingum áfram til stjórnvalda og annarra aðila, en í íslenskum rétti og norskum. Þá geta einkaréttarlegir hagsmunir sem ákvæðin vernda alltaf vikið fyrir almannahagsmunum, eftir eðli máls og ákvörðun dómara.

⁴⁸ *Tournier v National Provincial and Union Bank of England* [1924] 1 K.B. 461.

7 Samanburður við Lúxemborg, Sviss og Liechtenstein⁴⁹

Lúxemborg, Sviss og Liechtenstein eru þekkt fyrir bankaleynd, í þeim skilningi að yfirvöld í öðrum ríkjum eiga erfitt með að fá upplýsingar um málefni einstakra viðskiptavina. Um þau sjónarmið sem eiga við þegar yfirvöld í öðrum ríkjum óska eftir upplýsingum frá bönkum í þessum ríkjum er fjallað í [kafla 9](#). Hér verða grundvallaratriði um trúnaðar- og þagnarskyldu borin saman við gildandi rétt í fyrrgreindum ríkjum. Ekki er um nákvæman samanburð að ræða.

7.1 Lúxemborg

Í Lúxemborg eru reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu byggðar á grundvallarreglum um persónuvernd, sem taka m.a. til þess að einstaklingar eigi rétt á því að upplýsingar um einkamál hans, þ.m.t. fjármál séu háð þagnarskyldu. Hafa ákvæði laga um undanþágu frá vitnaskyldu í refsimálum (sem á við um sérstakar starfsstéttir) verið túlkuð svo að þau feli í sér grundvallarreglu og að þeim verði beitt um trúnaðar- og þagnarskyldu fjármálafyrirtækja. Þessi túlkun hefur síðan verið lögfest.

Undantekningar eru í gildi í Lúxemborg varðandi skyldu til að veita fjármálaeftirliti og skattyfirvöldum þar í landi upplýsingar, en Lúxemborg hefur löngum túlkað þessar heimildir þröngt og hefur ekki gengist undir þjóðréttarlegar skuldbindingar um skipti á upplýsingum eða alþjóðlega samvinnu á sviði skattaréttar. Er það einkum vegna þessarar framkvæmdar sem Lúxemborg telst til skattaskjólis og er dæmi um ríki þar sem bankaleynd ríkir.

7.2 Sviss

Persónuvernd er ekki varin í stjórnarskrá Sviss, en persónuvernd og vernd einkalífs er talin varin í svissnesku borgaralögbókinni. Þagnarskylda um einkamálefni er leidd af ákvæðum um þagnarskyldu sérstakra starfsstétta, svipað og á við í Lúxemborg, og leiðir brot á þagnarskyldu til skaðabóta (innan eða utan samninga). Þagnarskylda nýtur því meiri verndar í Sviss en t.d. í Þýskalandi og Englandi þó að þagnarskyldan sé í Sviss einnig talin byggjast á

⁴⁹ International Bank Secrecy, (Lúxemborg: Guy Harles 471-480); (Sviss: Hans Bollmann 663-699); (Liechtenstein: Andreas Batliner 429-467).

samningssambandi aðila. Er oft vísað til sögu Sviss sem hlutlauss ríkis til að skýra ríka bankaleynd þar.

Það sker sig einnig úr í rétti Sviss að brot gegn trúnaðar- og þagnarskyldu er refsivert brot samkvæmt bankalöggjöf og samkvæmt refsilögum, sem skilgreina slíkt brot með vísan til þess að upplýsingar um málefni ríkisins geti skaðað efnahagslega hagsmuni þess. Þá fara dómstólar með frumkvæði að saksókn brota gegn refsilögum á þessu sviði en það styrkir vernd ákvæðisins.

7.3 Liechtenstein

Liechtenstein er ungt ríki og tengt Sviss, sögulega, efnahagslega og lagalega. Liechtenstein er, eins og Lúxemborg og Sviss, þekkt fyrir ríka bankaleynd og byggist þagnar- og trúnaðarskylda á flestum þeim heimildum sem gilda í öðrum Evrópuríkjum. Þagnarskylda er lömælt í bankalöggjöf, í refsilöggjöf, ef um opinberar stofnanir er að ræða, auk laga um lögmenn. Þá eru ákvæði um persónuvernd og vernd einkalífs talin leiða til þagnarskyldu um einkamálefni, svipað og í svissneskum rétti. Trúnaðar- og þagnarskylda víkur ekki fyrir skattalöggjöf, þ.e. fjármálafyrirtækjum og sérfræðingum er ekki skylt að veita upplýsingar um skattamálefni, hvorki skatta fjármálafyrirtækjanna sjálfra né viðskiptavina þeirra, með þröngum undantekningum.

8 Evrópusambandið og EES

8.1 Samræming löggjafar – innri markaðurinn, fjármálastarfsemi og eftirlit

Reglur hafa verið settar innan ESB um starfsemi banka og annarra lánastofnana, fjárfestingaþjónustu o.fl. Reglurnar eru settar með heimild í reglum samningsins um innri markaðinn (einkum 47. gr. Rómarsamningsins (Rs.) um staðfesturétt) og miða að því að auðvelda þessa starfsemi innan innri markaðarins. Lagasamræmingin byggist á hugmyndinni um samkeppni reglukerfa og gagnkvæma viðurkenningu fyrirtækja sem fullnægja kröfum í heimaríki. Með lágmarkssamræmingu á reglum sem gilda um starfsemina og eftirliti í heimaríki stofnunarinnar er talið að markmiðið um hindrunalaus þjónustu og virkan staðfesturétt náist auk þess sem eftirlit sé tryggt innan þess ramma sem reglurnar setja. Samræmdar reglur varða þó fyrst og fremst efniskröfur sem lúta að skilyrðum stofnsetningar, kröfum um eigin fé, eignarhald fyrirtækja o.sfrv., en samevrópskar reglur um eftirlit með fjármálastarfsemi og fjármálaþjónustu er ekki fyrir hendi, nema að takmörkuðu leyti enn sem komið er. Innan þess ramma sem reglur ESB setja, eru það því eftirlitsstofnanir hvers ríkis fyrir sig sem fara með eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja.

Þá er mikilvægt fyrir efni þessarar skýrslu að taka fram að reglur einkaréttar, þ.m.t. samningaréttar, hafa ekki verið samræmdar innan ESB og er enn ágreiningur um það hvort stefna eigi að slíkri samræmingu. Reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu fjármálafyrirtækja, eins og þær koma fram í rétti ýmissa Evrópuríkja, verða því ekki nema að takmörkuðu leyti fyrir áhrifum af samræmdri löggjöf og stefnumótun ESB.

Í kjölfar þeirra erfiðleika sem nú eru á banka- og fjármálamarkaði hafa kostir þess enn verið ítrekaðir að sameiginlegt eftirlit komi reglum innri markaðarins til fyllingar. Í skýrslu Larosière nefndarinnar frá 25. febrúar 2009, sem var til umræðu á fundi G20 ríkja í London í byrjun apríl, er eftirlit með fjármálastarfsemi enn tekið til umræðu og er þar mælt með aðgerðum sem ætlað er að einhverju marki að samræma eftirlit aðildarríkjanna og auka við það eftirlit miðstýrðu eftirliti ESB á tilteknum sviðum. Í skýrslunni er ekki mælt með að eitt eftirlitskerfi taki til ESB en kostir þess ítrekaðir að samræmi sé í eftirliti. Það er þó ljóst að langt er í land að samræmd reglusetning og eftirlit verði að veruleika.

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu reglur tilskipana ESB sem geta haft áhrif á reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu í aðildarríkjunum. Þessar reglur hafa einnig verið teknar upp í EES-samninginn og binda því Ísland, Noreg og Liechtenstein, auk þess sem sérsamningar við Sviss hafa það að markmiði að samræma reglur þar við reglur innan EES. Hafa verður í huga að tilskipanirnar varða fyrst og fremst skilyrði fyrir starfsemi fjármálafyrirtækja á innri markaðinum, auk þess

sem nokkur ákvæði varða eftirlit með stofnun þeirra og starfsemi. Gildandi tilskipun um stofnun og rekstur lánastofnana er tilskipun 2006/48/EB (þriðja bankatilskipunin uppfærð), sem og tilskipun 2006/49/EB (Capital Requirement Directive). Þessar reglur byggja á vinnu Basel-nefndarinnar (Basel I og II) sem miðar að auknum stöðugleika í fjármálakerfinu m.a. með reglum um eigin fé og ráðstöfunarfé fjármálafyrirtækja, frekara eftirliti og skyldu fjármálafyrirtækja til að gefa upplýsingar.

Sambærilegar reglur hafa verið teknar upp í EES með þriðju bankatilskipuninni, tilskipun 2001/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana, með síðari breytingum, sjá viðauka IX með EES-samningnum um fjármálaþjónustu (sjá [hér](#)). Ekki er að sjá að tilskipun 2006/48/EB með síðari breytingum, og tilskipun 2006/49/EB hafi verið tekin upp í viðaukann, enn sem komið er.

- Með tilskipun 83/350/EBE voru settar reglur um eftirlit með lánastofnunum á samstæðu grundvelli (sem síðan hafa orðið hluti uppfærðrar löggjafar) og mæla fyrir um eftirlit með fyrirtækjasamstæðum.
- Með tilskipun 92/121/EBE um eftirlit með stórum áhættum lánastofnana voru reglur samræmdar að því er varðar hámark áhættu að því er lýtur að einstökum viðskiptavinum eða tengdum viðskiptavinum. Þessi tilskipun hefur einnig verið tekin upp í uppfærða tilskipun 2000/12/EB með síðari breytingum.
- Með tilskipun 95/26/EB var reglum breytt í kjölfar bankahruns í Evrópu (BCCI) og mælir sú tilskipun m.a. fyrir um þá eftirlitsaðila sem mega skiptast á upplýsingum, auk þess sem tekið var upp ákvæði um að endurskoðendur skuli upplýsa lögbær yfirvöld um staðreyndir sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhagsstöu og reikningshald lánastofnunar. Þessar reglur eru nú einnig í tilskipun 2000/12/EB með síðari breytingum.
- Með tilskipun 2002/87/EB um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu er mælt fyrir um upplýsingaskipti milli eftirlitsaðila sem fara með heimildir til að hafa eftirlit með fjármálasamsteypum.
- Með tilskipun 2006/48/EB var þriðja bankatilskipunin endurbirt og hefur tilskipun 93/6/EBE um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana verið tekin upp í tilskipunina ásamt breytingum með tilskipun 2006/49/EB um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana. Þessar reglur, endurskoðaðar, eru byggðar á Basel II reglum (frá júní 2004. Þessar reglur, sem varða upplýsingar um fjárhagsstöðu fyrirtækja fremur en upplýsingar um einstaka viðskiptavini, geta gengið nær reglum um bankaleynd en áður var. (Vísað er í þessar reglur sem Lamfalussy-ferlið og tengjast þær umræðunni um frekari samræmingu á eftirliti með fjármálafyrirtækjum, sjá hér að framan).

Eftirfarandi er stutt lýsing á helstu ákvæðum sem hafa áhrif á reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu. Miðað er við texta í tilskipun 2000/12/EB, en breytt númer ákvæðanna í tilskipun 2006/48/EB koma fram í töflu.

Tilskipun 2000/12/EB	Tilskipun 2006/48/EB
26. gr. Varúðareftirlit með lánastofnunum sem starfa á innri markaðinum skal í meginatriðum vera í heimaríki (þ.m.t. eftirlit með samstæðum, sjá frekar 3. kafla tilskipunarinnar)	40. gr.
27. gr. Gistiríki ber ábyrgð á eftirliti með lausfjárstöðu útibúa lánastofnana og ráðstöfunum til að framkvæma peningamálastefnu; einnig getur gistiríki krafist þess að útibú lánastofnana í öðrum aðildarríkjum veiti sömu upplýsingar og krafist er af innlendum stofnunum; Þá geta gistiríki krafist upplýsinga frá öllum lánastofnunum vegna hagskýrslugerðar	41. gr.
28. gr. Náíð samstarf um eftirlit: yfirvöld í aðildarríkjum skulu skiptast á upplýsingum um stjórnun og eigendur lánastofnana, allar upplýsingar sem auðvelda eftirlit, s.s. varðandi lausafjárstöðu, gjaldhæfi, ábyrgðir á innlánnum, takmarkanir á stórum áhættum o.fl.; 48. gr. leggur upplýsingaskyldu á lánastofnanir um allar stórar áhættur, en það er áhætta lánastofnunar vegna eins eða fleiri innbyrðis tengdra viðskiptamanna sem nemur 10% eða meira af eigin fé.	42. gr.
30. gr. 1. mgr. Þagnarskylda skal lögð á þá sem vinna eða hafa unnið fyrir lögbær yfirvöld, sem og endurskoðendur og sérfræðinga; ekki má skýra einstaklingum eða yfirvöldum frá trúnaðarmálum sem þeir komast að, nema almennar upplýsingar (ópersónugreinanlegar) og með fyrirvara um ákvæði hegningarlaga 30. gr. 2. mgr. Undantekning gildir þegar lánastofnun hefur verið lýst gjaldþrota eða félagi hefur verið slitið, nema að því leyti sem upplýsingar snerta þriðja aðila sem reynir að bjarga lánastofnun 30. gr. 3. mgr. Kemur ekki í veg fyrir upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda aðildarríkja ef þagnarskylda samkvæmt 1. mgr. er virt í viðtökuríki 30. gr. 5. mgr. Kemur ekki í veg fyrir upplýsingaskipti innan sama aðildarríkis milli lögbærra yfirvalda á öðrum sviðum (þ.e. eftirlitsaðilar með váttryggingastarfsemi, fjármálamörkuðum, gjaldþrotum o.s.frv.)	44. gr.

<p>31. gr. Upplýsingaskylda þeirra sem bera ábyrgð á lögbundnu eftirliti með ársreikningum og samstæðureikningum um atriði sem leiða í ljós 1) að gengið sé gegn lögum um skilyrði fyrir leyfisveitingu eða um starfsemi lánastofnana; 2) að atriði geti haft áhrif á áframhaldandi rekstur stofnunarinnar; 3) getur leitt til þess að ekki sé skrifað upp á reikninga. Í greininni eru þessar upplýsingar undanþegnar þagnarskyldu, hvort sem er lögbundin, sanningsbundin eða samkvæmt stjórnsluákvæðum.</p>	<p>53. gr.</p>
----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------

8.2 Reglur um peningaþvætti og innherjaviðskipti

Reglur um peningaþvætti hafa verið settar innan ESB og eru settar á grundvelli 47. gr. og 95. gr. Rs. Fyrsta tilskipun ráðsins, tilskipun 91/308/EBE miðaði að því að koma í veg fyrir peningaþvætti innan innri markaðarins með því að leggja skyldur á fjármálafyrirtæki að bera kennsl á viðskiptamenn og tilkynna vísbendingar um peningaþvætti til lögbærra yfirvalda.⁵⁰ Með peningaþvætti er átt við yfirfærslu eigna eða fjármuna sem eiga uppruna í refsiverðum brotum yfir í löglegt fjárstreymi, sbr. nákvæma skilgreiningu í 1. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Með annarri tilskipun um peningaþvætti (tilskipun 2001/97/EB) var efnissvið fyrstu tilskipunarinnar víkkað og lagði tilskipunin m.a. samsvarandi skyldu á starfsstettir s.s. endurskoðendur, skattaráðgjafa, fasteignasala, lögbókendur og lögmenn og lögfræðinga. Þriðja tilskipunin, tilskipun 2005/60/EB uppfærir fyrri tilskipanir og tekur auk þess til fjármögnunar hryðjuverka. Allar þessar tilskipanir hafa verið teknar upp í EES-samninginn, sbr. viðauka IX við EES-samninginn (fjármálaþjónusta), liðir 23-23.b.

Samræmdar reglur um eftirlit með viðskiptavinum og um tilkynningaskyldu lána- og fjármálafyrirtækja og annarra þeirra sem reglurnar taka til um fyrirhugað peningaþvætti eða peningaþvætti og/eða fjármögnun hryðjuverka fela augljóslega í sér undantekningar frá trúnaðar- og þagnarskyldu (sbr. einnig 22. gr. tilskipunarinnar). Auk þess er aðildarríkjum gert að setja á stofn eftirlitsstofnanir og skulu eftirlitsstofnanir skiptast á upplýsingum. Þessar reglur gilda í öllum ríkjum ESB og EES. Eftirlit fer eftir frekari reglum í hverju ríki um sig, en ríkjunum ber skylda til þess, skv. 37. gr. að sjá til þess að virkt eftirlit sé haft með starfseminni og að yfirvöld hafi nægilegar valdheimildir til að krefjast allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru. Þagnarskylda hvílir á yfirvöldum, um það sem þau komast að, eftir venjulegum reglum og skv. 28. gr. tilskipunarinnar.

⁵⁰ Í reglunum er tekið er mið af alþjóðlegum reglum sem áður voru til staðar (Vienna convention on Drug Abuse and Illicit Trafficking 1988).

Reglur um innherjaviðskipti eru settar í tilskipun 2003/6/EB, sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn, í viðauka IX, lið 29.a. Nauðsynlegt eftirlit og rannsókn vegna ætlaðra innherjaviðskipta getur takmarkað reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu.

8.3 Reglur um skatta og skatteftirlit

Skattalöggjöf og skatteftirlit eru svið sem eru á valdsviði aðildarríkja ESB og koma heimildir ESB til lagasamræmingar og stefnumótunar eingöngu til á sviði innri markaðarins, þ.e. með það að markmiði að koma í veg fyrir hindranir á frjálsri för og stuðla að því að markmið innri markaðarins náist. Stefna ESB í skattamálum er fyrst og fremst á sviði óbeinna skatta, s.s. virðisaukaskatts. Að því er varðar beina skatta hafa samræmdar reglur ESB aðeins tekið til samvinnu yfirvalda, í tilskipun 77/799/EBE, og reglur hafa verið settar um skattlagningu á sparnað í tilskipun 2003/48/EB.

Tilskipun 77/799/EBE með síðari breytingum mælir fyrir um samvinnu yfirvalda í ESB ríkjum og upplýsingaskipti varðandi álagningu tekju- og fjármagnstekjuskatts. 8. gr. tilskipunarinnar takmarkar þó virkni hennar, þar sem upplýsingaskylda er takmörkuð að teknu tilliti til stefnumótunar og framkvæmdar í hverju ríki fyrir sig.

Tilskipun 2003/48/EB hefur það að markmiði að samræma reglur um skattlagningu. Tilskipunin er sett með heimild í 94. gr. Rs. og gerðir hafa verið hliðstæðir samningar við Sviss, Liechtenstein og aðrar Evrópuþjóðir utan ESB sem teljast til skattaskjóla. Tilgangur tilskipunarinnar er að samræma reglur um skattlagningu fjármagnstekna, þannig að fjármagnstekjur séu skattlagðir í búseturíki einstaklings. Tímabundnar undanþágur voru veittar fyrir Lúxemborg, Austurríki og Belgíu.

9 Þjóðréttarreglur og lagaskilareglur

Lagaumgjörð um alþjóðlegar reglur varðandi fjármálastarfsemi og bankaeftirlit er sett af Basel nefndinni sem stofnuð var árið 1974.⁵¹ Að því er Ísland varðar hefur sú samvinna sem þar fer fram áhrif í gegnum löggjöf ESB sem tekin er upp í EES (sjá fyrr), en einnig var haft mið af reglum við setningu laga nr. 161/2002. Nú síðast hafa reglur Basel nefndarinnar haft áhrif að því er varðar kröfur um eigið fé fjármálafyrirtækja og hafa þessar reglur einnig hafa verið teknar inn í löggjöf ESB.

Að öðru leyti fer alþjóðleg samvinna fram innan OECD⁵² og er það innan OECD sem unnið hefur verið að því að rýmka reglur um gagnkvæmar upplýsingar milli fjármálafyrirtækja. Hafa Sviss, Andorra, Liechtenstein, Austurríki og Lúxemborg nýlega samþykkt að fylgja reglum OECD, en í því felst að ríkin geta ekki borið fyrir sig innlendar réttarreglur um bankaleynd til þess að komast hjá því að veita upplýsingar sem önnur ríki óska eftir og varða meint skattundanskot. Það fer þó eftir framkvæmd í hverju ríki hvernig þessu verður háttað og hefur Sviss t.a.m. lýst því yfir að það muni eingöngu svara fyrirspurnum sem eru skýrt afmarkaðar og réttmætar. Tvíhliða eða marghliða samningar um upplýsingaskipti eru mikilvægir⁵³ sem og marghliða samningar um aðstoð í dómsmálum.⁵⁴

Lagaskilareglur geta einnig haft áhrif á framkvæmd trúnaðar- og þagnarskyldu. Er meginregla lagaskilaréttar sú að þau lög ráði þar sem hagsmunir eru fyrir hendi; varðandi samskipti banka og viðskiptavina væri það oft löggjöf þess lands þar sem reikningurinn er, en niðurstaða í einstökum málum ræðst af samningum milli aðila, heimildum móðurfélaga eða hluta í fyrirtækjasamstæðu til að veita upplýsingar um starfsemi dótturfélaga (sbr. löggjöf ESB og EES) o.s.frv, sem ekki verður fjallað frekar um hér.

⁵¹ Basel Committee on Banking Supervision (sjá [hér](#)).

⁵² Organisation for Economic Cooperation and Development (sjá [hér](#)).

⁵³ Sjá sem dæmi nýjan samning milli Cayman eyja og Norðurlanda (sjá [hér](#)).

⁵⁴ T.d. samningar Evrópuráðsins um gagnkvæma aðstoð í sakamálum (sjá [hér](#)).

10 Niðurstöður

10.1 Niðurstöður almennt

Í skýrslunni hafa ákvæði íslenskra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu fjármálafyrirtækja og eftirlitsstofnana verið bornar saman við sambærilegar reglur í Danmörku, Noregi, Þýskalandi og Bretlandi.

Af samanburðinum má draga þær ályktanir að reglur í þessum ríkjum séu í aðalatriðum sambærilegar og vísast um þetta til samantektar og samanburðar í hverjum kafla fyrir sig. Þar má nefna sérstaklega að

- Ekki virðist skipta máli um skilning á inntaki reglnanna hvort trúnaðar- og þagnarskylda byggist á samningssambandi aðila eða á lögum og eru lögbundnar reglur oft byggðar á áður viðurkenndri meginreglu. Réttarúrræði eru þó ólík, þar sem refsiaþbyrgð fylgir brotum á lögbundinni þagnarskyldu í íslenskum, dönskum og norskum rétti, en einkaréttarleg úrræði, einkum skaðabótaskylda, fylgja broti á þagnarskyldu í þýskum og breskum rétti. Einkaréttarlegt inntak reglnanna er svipað, þar sem lögð er áhersla á að samþykki viðskiptavinar þurfi til að upplýsingar séu gefnar öðrum einkaaðilum, nema réttmætt teljist að gera undantekningar frá því. Ræðst inntak reglnanna að þessu leyti meira af framkvæmd og ákvörðunum stjórnvalda (s.s. fjármálaeftirlits) en lagaheimildum og úrskurðum dómstóla.
- Minni áhersla hefur verið lögð á það í skýrslunni að skoða einkaréttarlegar undantekningar frá trúnaðar- og þagnarskyldu en undantekningar sem byggjast á almannahagsmunum. Einkaréttarlegar undantekningar eru þó viðurkenndar í öllum ríkjunum og byggjast á samningssambandi aðila og heimildum í lögum. Þó er greinilegt að einkaréttarlegar undantekningar, sem voru áður rúmar, hafa yfirleitt þrengst og koma þar m.a. til áhrif frá öðrum reglum, s.s. reglum um vernd persónuupplýsinga. Greina má sambærilega þróun í öllum samanburðarríkjum án teljandi fráviks.
- Ótvírætt er í rétti allra ríkjanna að trúnaðar- og þagnarskylda víkur fyrir upplýsingaskyldu sem byggist á lögum og almannahagsmunum s.s. vegna fjármálaeftirlits, skatteftirlits og réttarvörslusjónarmiða (einkum við rannsókn og rekstur sakamála). Í samanburði við ríki sem eru þekkt fyrir bankaleynd, s.s. Sviss, Lúxemborg og Liechtenstein, er það túlkun á þessum undantekningum á trúnaðar- og þagnarskyldu sem einna helst greinir á milli réttarstöðunnar í þeim ríkjum og öðrum. Í þeim ríkjum sem eru þekkt fyrir ríka bankaleynd hafa yfirvöld og dómstólar ekki fallist á að þagnarskylda víki fyrir upplýsingaskyldu í sama mæli og í þeim ríkjum sem eru til skoðunar hér.

- Ekki er hægt að segja að marktækur munur sé á framkvæmd á þeim sviðum þar sem trúnaðar- og þagnarskylda víkur fyrir upplýsingaskyldu, s.s. á sviði skatteftirlits, fjármálaeftirlits og réttarvörslu. Í öllum tilvikum virðist mega ganga út frá því að reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu og undantekningar frá þeim séu skýrðar til samræmis við aðrar reglur réttarins. Þannig er upplýsingaskylda til þeirra sem fara með fjármálaeftirlit miðuð við heimildir þeirra og málefnalega meðferð valds; heimildir skattyfirvalda miðast við lögbundnar heimildir til að fá upplýsingar og gögn (enda telst skattlagning til íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana). Þá víkur trúnaðar- og þagnarskylda fyrir réttarvörslusjónarmiðum að mestu leyti, bæði í einkamálum og refsimálum, en slíkt fer eftir atvikum málsins og mati dómara. Ef litið er til Noregs og Íslands annars vegar og hinna samanburðarríkjanna hins vegar, verður ekki sagt að framkvæmd á Ísland og Noregi bendi til ríkari þagnarskyldu gagnvart yfirvöldum heldur en gerist í rétti samanburðarríkjanna. Hefur Hæstiréttur Íslands m.a. játað skattyfirvöldum ríkar heimildir til mats á nauðsyn upplýsinga, hvort sem er um tilgreinda aðila að ræða eða almennt. Í Danmörku, Þýskalandi og Bretlandi er þess krafist að upplýsingar í tilgreindum málum séu skýrt afmarkaðar og rökstuddar, en rúmar heimildir eru til að afla almennra upplýsinga.
- Þagnarskylda er lögð á opinbera starfsmenn sem í eftirlitshlutverki fá upplýsingar um einkamálefni og fjárhagsleg málefni sem leynt eiga að fara. Eru þessar reglur alls staðar svipaðar og taka mið af almennum reglum um þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Varðar brot á þagnarskyldu viðurlögum, yfirleitt ábyrgð samkvæmt hegningarlögum.
- Hins vegar eru rýmri heimildir í dönskum, þýskum og breskum rétti en í norskum og íslenskum rétti til þess að miðla upplýsingunum áfram til annarra yfirvalda og stofnana, eftir því sem þurfa þykir. Ræðst heimild til þessa af lagaákvæðum og mati á almannahagsmunum. Þessi niðurstaða er þó með fyrirvara um nýjar heimildir í íslenskum rétti varðandi hlutverk sérstaks saksóknara og rannsóknarnefndar um fall íslensku bankanna og mögulega heimildir á öðrum sviðum réttarins.
- Þagnarskylda sem lögð er á þriðja aðila (sem tekur við upplýsingum sem háðar eru þagnarskyldu) og sem ekki fellur undir ákvæði laga um þagnarskyldu opinberra starfsmanna er aðeins í íslenskum og dönskum ákvæðum. Ljóst er af skýringargögnum með dönsku ákvæðunum að sú þagnarskylda byggist á samningssambandi viðskiptavinar og fjármálastofnunar sem lætur upplýsingar af hendi til þriðja aðila, sem einnig er í samningssambandi við fjármálastofnunina (s.s. þjónustufyrirtæki, váttryggingarfyrirtæki o.s.frv.). Verður að skýra reglurnar með hliðsjón af tilgangi þeirra og samhengi við önnur ákvæði laganna.
- Merkja má áherslumun í rétti Noregs annars vegar og Danmerkur hins vegar þar sem meiri áhersla er lögð á skýrar lagaheimildir til að takmarka trúnaðar- og þagnarskyldu í norskum rétti en í dönskum rétti og getur það komið til af mismunandi orðalagi

ákvæðanna eða því að ákvæði dönsku laganna er rýmra. Hér er þó fremur um áherslumun að ræða en eðlismun og ekki er eðlismunur á beitingu þeirra heimilda sem takmarka trúnaðar- og þagnarskyldu.

10.2 Ákvæði laga nr. 161/2002 um þagnarskyldu

Tilgangurinn með skýrslunni var að meta hvort reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu fjármálafyrirtækja hér á landi væru frábrugðnar reglum valinna Evrópuríkja og þá einkum hvort lagareglur og/eða framkvæmd hér á landi leiddi til ríkari verndar trúnaðar- og þagnarskyldu hér á landi en gerist í samanburðarríkjunum.

Þegar tekið er mið af þeim niðurstöðum sem raktar eru hér að framan verður ekki talið að íslenskar reglur um trúnaðar- og þagnarskyldu fjármálafyrirtækja séu verulega frábrugðnar reglum samanburðarríkjanna. Lagaákvæði hérlendis eru sambærileg við ákvæði í Noregi og Danmörku og að því er varðar inntak þagnarskyldu og viðurkenndar undantekningar frá henni eru reglur svipaðar í öllum ríkjunum. Á tilteknum sviðum eru reglur sem hafa áhrif á þagnarskyldu samræmdar í gegnum EES-samninginn og kemur það líklega til að aukast í framtíðinni, sérstaklega vegna aukinnar áherslu á sameiginlegt eftirlit í kjölfar núverandi vanda fjármálakerfisins.

Sérstaklega verður það ekki ráðið af lagareglum og þeirri framkvæmd sem fyrir hendi er að heimildir yfirvalda til að fá upplýsingar séu þrengri hér á landi en gerist í samanburðarríkjunum. Það verður þó að taka fram að ekki er mikið um heimildir um íslenska framkvæmd og eru dómsúrlausnir og aðgengilegar úrlausnir stjórnvalda ekki margar, auk þess sem ekki hefur verið fjallað mikið um trúnaðar- og þagnarskyldu í íslenskum rétti.

Hins vegar er það niðurstaða skýrslunnar að orðalag ákvæðis núgildandi laga um fjármálafyrirtæki sé áberandi þrengra en ákvæði eldri laga (sjá kafla 2.2.1.1) og gefur ákvæðið lítið svigrúm til túlkunar. Ákvæðið mælir eftir orðum sínum fyrir um ríka þagnarskyldu þeirra sem starfa við eða fyrir fjármálafyrirtæki um *allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum*. Ákvæðið er svipað og ákvæði norskra laga, án þess að sérstaklega sé til þess vísað í frumvarpi að stuðst hafi verið við ákvæði norskra laga. Þá er tekið fram í greinargerð að í vafatilvikum beri að túlka ákvæðið þröngt, þannig að það verndi þagnarskyldu. Þá hefur ákvæði danskra laga um að trúnaðarskylda fylgi upplýsingum til þriðja aðila verið tekið upp í ákvæði íslenskra laga, án þess að frekari skýringar séu á því hvers vegna það var gert, eða hvað felist í ákvæðinu. *Leiðir þetta til þess að eftir orðalagi sínu veitir 58. gr. laga nr. 161/2002 ríkari vernd gegn því að upplýsingar séu láttnar af hendi til annarra einkaaðila, en áður var og til nokkuð ríkari verndar en í samanburðarlöndunum.*

Eins og kemur fram í skýrslunni eru eldri ákvæði íslenskra laga um þagnarskyldu starfsmanna fjármálafyrirtækja líkari ákvæðum danskra laga, en í dönskum lögum er bannað veita eða nota upplýsingar um viðskiptavini sem *leynt eiga að fara*, nema *réttmætt* sé að veita upplýsingarnar. Að mörgu leyti má segja að slíkt ákvæði, sem er matskenndara, sé í betra samræmi við markmið ákvæða um þagnarskyldu. Samkvæmt þeim meginreglum sem ákvæðin eru talin byggjast á, vernda þau fyrst og fremst einkaréttarlega hagsmuni sem tengjast viðskiptasambandi einstaklings og fjármálafyrirtækis og varðar brot á því trausti annað hvort bótaskyldu eða sektum eða refsingu, ef sakir eru miklar.

Það verður að telja ólíklegt að ákvæði íslenskra laga yrðu túlkuð þrengra en í rétti samanburðarríkjanna ef á reynir. Styðst sú niðurstaða við athugasemdir í greinargerð með frumvarpi til laganna, þar sem kemur fram að ekki hafi verið ætlunin að gera efnislegar breytingar á ákvæðinu, og þá dómaframkvæmd sem til er, aðallega á sviði skatteftirlits. Hafa dómstólar viðurkennt skattyfirvöldum rúmar heimildir til að meta nauðsyn þeirra upplýsinga sem krafist er. Þá er dómafordæmi fyrir því í íslenskum rétti að sú vernd sem reglur um þagnarskyldu miðar að sé ekki leidd af ákvæðum 71. gr. stjórnarskrárinnar, um réttinn til friðhelgi einkalífs, en heimildir til að takmarka stjórnarskrárbundin réttindi eru, eðli málsins samkvæmt, þrengri en annars er.

Við þetta má bæta að heimildir frá stofnunum sem túlka ákvæði sem geta haft áhrif á túlkun íslensku stjórnarskrárinnar og laga benda ekki til þess að upplýsingar um fjárhagsleg og viðskiptaleg málefni njóti verndar ákvæða um friðhelgi einkalífs. Hefur Mannréttindadómstóll Evrópu aldrei komist að þeirri niðurstöðu að hagsmunir einstaklinga af því að halda leyndum upplýsingum um fjármál sín njóti verndar 8. gr. MSE⁵⁵ en mál um beitingu þeirrar greinar snúast yfirleitt um atriði sem snerta persónuleg atriði.⁵⁶

Málskot til dómstóla er hins vegar seinfarin leið til að fá skorið úr um inntak lagaákvæða og getur óvissa um túlkun greinarinnar leitt til réttaróvissu sem betra væri að komast hjá. Má nefna tvö dæmi í því sambandi. Annars vegar má leiða líkur að því að þröngt orðalag greinarinnar gæti leitt til þess að ríkar kröfur yrðu gerðar til þess að takmarkanir á þagnarskyldu byggist á ótvíræðri lagaheimild. Ber nokkuð á því að sértækar lagaheimildir taka það sérstaklega fram að þagnarskylda víki fyrir upplýsingaskyldu samkvæmt lögum (s.s. ákvæði laga um heimildir Fjármálaeftirlits). Í frumvarpi til breytinga á skattalögum sem nú liggur fyrir Alþingi var lagt til að tekið væri fram með ótvíræðum hætti að þagnarskylda fjármálafyrirtækja víki fyrir upplýsingaskyldu og í nýlegum breytingum á lögum um sérstakan saksóknara var aukið við

⁵⁵ Í máli J.B. Gegen Sviss (Application 31827/96) frá 13. maí 2001 fjallaði dómstóllinn um réttinn til að fella ekki sök á sjálfan sig í máli þar sem upplýsinga var krafist um fjárhagsleg málefni. Dómstóllinn tók fram að ekki væri fjallað um réttinn til að neita að gefa upplýsingar um persónuleg málefni.

⁵⁶ Einnig má benda á að dómstóll ESB hefur tekið afstöðu til ákvæða í tilskipun um peningþvætti, þar sem lögmenn eru skyldaðir til að gefa upplýsingar um atriði sem geta bent til brota. Dómstóllinn féllst ekki á að í þessu fælist brot gegn réttinum til réttlátrar málsmeðferðar, sbr. mál C-205/05.

rannsóknarheimildir og heimildir til að fá upplýsingar frá tilteknum aðilum þótt ákvæði laga nr. 135/2008, um embætti sérstaks saksóknara mæli fyrir um rannsóknarheimildir og vísi til annarra laga þar sem slíkar heimildir er að finna. Þá gilda sérlög um eftirlitsstofnanir, s.s. FME, sem leggja upplýsingaskyldu á þær stofnanir. Ekki er ástæða til að fjalla frekar um þetta efni hér, en benda má að að í skýrslu Kaarlo Jännäri um reglur og eftirlit með bankastarfsemi á undanförunum árum, er vísað til þess að áberandi sé í íslensku lagaumhverfi að leggja áherslu á skýrar lagaheimildir, á kostnað matskenndra sjónarmiða. Hins vegar má nefna þá umfjöllun sem komið hefur upp um mögulega þagnarskyldu blaðamanna, samkvæmt ákvæðum 58. gr. laga nr. 161/2008 og þá óvissu sem virðist vera um skýringu greinarinnar. Eins og niðurstöður skýrslunnar um danskan rétt bera með sér er ólíklegt að ákvæði danskra laga taki til annarra en þeirra sem hafa tengsl við starfsemi fjármálafyrirtækja, samkvæmt samningi við þær um tiltekin verk, eða til fjármálafyrirtækja innbyrðis sem skiptast á upplýsingum sem háðar eru trúnaði. Án þess að hægt sé að taka almennt afstöðu til skýringar ákvæðisins í íslenskum rétti er líklegt að svipuðum skýringarsjónarmiðum yrði beitt hér á landi.

Eftir stendur að óvissa um inntak reglunnar er bagaleg og mætti íhuga, þegar frekari breytingar verða gerðar á lögum um fjármálafyrirtæki, eða á lögum um eftirlit með fjármálastarfsemi, að færa ákvæði íslenskra laga um trúnaðar- og þagnarskyldu til upprunalegs horfs og/eða skýra ákvæðið í greinargerð, til að koma í veg fyrir óvissu um túlkun þess.

06.04.2009

Dóra Guðmundsdóttir

Viðauki

Danmörk

Lov om finansiel virksomhed

Kapitel 9

Videregivelse af fortrolige oplysninger

117.

§ 117. Bestyrelsesmedlemmer, medlemmer af lokale bestyrelser og lignende, medlemmer af repræsentantskabet i en finansiel virksomhed, der ikke er en sparekasse, revisorer og granskningsmænd samt deres suppleanter, stiftere, vurderingsmænd, likvidatorer, direktører, ansvarshavende aktuarer, generalagenter og administratorer i et forsikringsselskab samt øvrige ansatte må ikke uberettiget videregive eller udnytte fortrolige oplysninger, som de under udøvelsen af deres hverv er blevet bekendt med. Bestemmelsen finder tilsvarende anvendelse for finansielle holdingvirksomheder.

Stk. 2. Den, som modtager oplysninger efter stk. 1, er omfattet af den i stk. 1 nævnte tavshedspligt.

§ 118. Sædvanlige oplysninger om kundeforhold kan videregives til brug for varetagelse af administrative opgaver.

Stk. 2. Til brug for varetagelse af administrative opgaver kan oplysninger videregives til et aktieselskab, som Arbejdsmarkedets Tillægspension ejer fuldt ud, og til Arbejdsmarkedets Tillægspension, jf. lov om Arbejdsmarkedets Tillægspension § 26 b, stk. 3, og § 23, stk. 4, samt til det administrerende selskab i et forsikringsadministrationsfællesskab.

Stk. 3. Den, som modtager oplysninger efter stk. 1 og 2, er omfattet af den i § 117, stk. 1, nævnte tavshedspligt.

Stk. 4. Finanstilsynet fastsætter nærmere regler om, hvilke oplysninger der er sædvanlige kundeoplysninger i henhold til stk. 1.

§ 119. Oplysninger om rent private forhold må ikke videregives uden kundens samtykke, medmindre videregivelsen er berettiget efter § 117, stk. 1, eller § 118, stk. 2.

§ 120. Oplysninger kan videregives til den finansielle virksomheds modervirksomhed til brug for risikostyring af virksomheder i koncernen, såfremt modervirksomheden er en finansiel

virksomhed eller en finansiel holdingvirksomhed. Dette gælder dog ikke oplysninger om rent private forhold.

Stk. 2. Oplysninger om privatkunder kan ikke videregives til brug for risikostyring, jf. stk.1, bortset fra de særlige tilfælde, hvor oplysningerne om en privatkunde vedrører forpligtelser, der har eller vil kunne få en betydelig størrelse.

§ 120 a. Oplysninger om erhvervskunder kan udveksles mellem pengeinstitutter og realkreditinstitutter, som er koncernforbundne, til brug for risikostyring, herunder kreditvurdering og kreditadministration. Tilsvarende gælder udveksling af oplysninger med disse virksomheders finansielle holdingvirksomheder samt datterselskaber. Udveksling af oplysninger kan kun ske med datterselskaber, der yder udlån eller driver leasingvirksomhed.

Stk. 2. Bestemmelsen i stk.1 finder tillige anvendelse ved udveksling af oplysninger mellem fællesejede penge- og realkreditinstitutter og indehavere af kapitalandele i det pågældende penge- eller realkreditinstitut, når de nævnte indehavere er penge- eller realkreditinstitutter og de i fællesskab besidder mere end 4/5 af kapitalandelene. Tilsvarende gælder udveksling af oplysninger med de fællesejede virksomheders datterselskaber, der yder udlån eller driver leasingvirksomhed.

